



Háskólinn
á Akureyri

Dulinn máttur barnabókanna
Greining á jafnrétti kynjanna í barnabókum

Óli Steinar Sólmundarson

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2020

Dulinn máttur barnabókanna

Greining á jafnrétti kynjanna í barnabókum

Óli Steinar Sólmundarson

30 eininga lokaverkefni sem er hluti af
Magister Educationis-prófi í menntunarfræði

Leiðbeinandi:
Brynhildur Þórarinsdóttir

Kennaradeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2020

Titill: Dulinn máttur barnabókanna: Greining á jafnrétti kynjanna í barnabókum

Stuttur titill: Dulinn máttur barnabókanna

30 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Educationis-prófi í menntunarfræði

Höfundarréttur © 2020 Óli Steinar Sólmundarson

Öll réttindi áskilin

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Óli Steinar Sólmundarson, 2020, meistaraþrófsverkefni, kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 89 bls.

Prentun: XX

Akureyri, maí, 2020

Ágrip

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er rannsókn sem gerð var á birtingarmynd kynjanna í 14 barnabókum sem leikskólakennarar frá fimm leikskólum á Akureyri nota í kennslu. Niðurstöður úr heildarfjölda bókanna leiddu í ljós töluvert ójafnvægi kynjanna. Þar þar helst að nefna að karlkyns sögupersónur koma fram í heildartexta bókanna í 65,1% tilvika á meðan kvenkyns sögupersónur koma fram í einungis 34,9% tilvika. Helstu lýsingarnar sem notaðar eru yfir kvenkyns sögupersónur eru útlitstengd orð á meðan karlkyns sögupersónum er oftast lýst útfrá eiginleikum þeirra. Þessar niðurstöður gefa til kynna ákveðnar staðlaðar hugmyndir um kynin. Enn fremur er vitsmunum karla í bókunum lýst með bæði jákvæðum og neikvæðum hætti á meðan vitsmunum kvenna er einungis lýst með neikvæðum hætti. Einnig var skoðað hvort munur væri á birtingarmynd kynjanna eftir því hvaða grunnþætti menntunar samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla 2011* leikskólakennararnir tengdu við bækurnar. Þar mældist ójafnvægi kynjanna hvað mest í bókum sem leikskólakennarar tengdu við grunnþáttinn læsi. Þessar niðurstöður gefa vísbendingar um að áherslur á mikilvæga námsþætti eins og læsi geti skyggt á aðra mikilvæga námsþætti eins og jafnrétti.

Abstract

The subject of this paper is a study of the gender portrayal in 14 children's books used by preschool teachers in five preschools in Akureyri. Findings from the total number of books revealed considerable gender imbalances. It is worth mentioning that male characters appeared in the overall text of the books in 65,1% of cases, while female characters appeared in only 34,9% of cases. Most of the words used to describe female characters were appearance-related words, while male characters were most often described by their characteristics. These results indicate certain stereotyped ideas about males and females. Furthermore, the male characters's intellectual factors in the books are described in both positive and negative ways, while female characters's intellectual factors are only described in a negative way. It was also examined whether the gender portrayal differed depending on the preschool teachers emphasis on one of the six basic ideals of education as defined in the 2011 national curriculum for early childhood. The most gender imbalance was found in books that the preschool teachers used to promote literacy. These results provide evidence that the emphasis on important basic ideals of education, such as literacy, may shed light on other important ideals, such as equality.

Formáli

Þetta verkefni er 30 eininga meistaraþrófsverkefni til MEd-prófs í menntunarfræði á leikskólastigi við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Leiðbeinandi var Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri, og vil ég þakka henni fyrir góða leiðsögn.

Ég vil þakka konunni minni, Dagfríði Ósk Gunnarsdóttur fyrir ómældan stuðning og aðstoð á meðan verkefninu stóð. Einnig vil ég þakka tengdaföður mínum, Gunnari Kristjánssyni fyrir hans ábendingar og aðstoð. Síðast en ekki síst vil ég þakka þátttakendum fyrir þeirra framlag til rannsóknarinnar.

Efnisyfirlit

Töflur.....	xiii
1. Inngangur	2
2. Jafnrétti kynjanna	5
2.1 Staðalímyndir.....	8
2.2 Foreldrahlutverk	11
3. Barnabókmenntir.....	13
3.1 Innihald barnabóka	14
4. Sýnileiki sögupersóna í barnabókum	18
4.1 Hlutdeild sögupersóna í texta	19
4.2 Hlutdeild sögupersóna í myndmáli.....	20
5. Fræði og framkvæmd í leikskólaumhverfinu.....	23
5.1 Dulin námskrá.....	24
5.2 Kennsluaðferðir og grunnþættir menntunar.....	26
6. Aðferð.....	29
6.1 Markmið og rannsóknarspurningar.....	30
6.2 Gagnaöflun	30
6.3 Úrvinnsla gagna.....	32
6.4 Siðferðileg atriði	35
7. Niðurstöður.....	36
7.1 Nafngreindar sögupersónur í texta bókanna.....	36
7.2 Ónafngreindir foreldrar í bókunum	39
7.3 Nafngreindar sögupersónur í bókatekta eftir flokkum.....	42
7.4 Ónafngreindir foreldrar í bókatekta eftir bókaflokkum	46
7.5 Nafngreindar sögupersónur í myndmáli	50
7.6 Foreldrar í myndmáli	52
7.7 Lýsingarorð yfir nafngreindar sögupersónur	54
7.8 Lýsingarorð yfir mæður og feður	57
7.9 Túlkun á birtingarmynd nafngreindra sögupersóna í myndmáli	59

7.10 Túlkun á birtingarmynd mæðra og feðra í myndmáli.....	61
8. Umræður.....	63
9. Lokaorð.....	71
Heimildir	73
Fylgiskjöl.....	81

Töflur

Tafla 6.1 Heildarfjöldi bókanna sem þátttakendur tilgreindu	31
Tafla 6.2 Barnabækurnar flokkaðar eftir áhersluþáttum	34
Tafla 7.1 Fjöldi og tíðni nafngreindra sögupersóna í heildarfjölda bókanna	37
Tafla 7.2 Fjöldi blaðsíðna með nafngreiningum kynjanna eftir bókum	38
Tafla 7.3 Fjöldi og tíðni ónafngreindra foreldra í heildartexta bókanna.....	40
Tafla 7.4 Fjöldi blaðsíðna þar sem mæður og feður koma fram í texta.....	41
Tafla 7.5 Fjöldi nafngreindra sögupersóna eftir bókaflokkum, ásamt tíðni og fjölda blaðsíðna þar sem sögupersónurnar koma fram	44
Tafla 7.6 Fjöldi nafngreindra kvenna og karla í burðarhlutverkum eftir bókaflokkum.....	46
Tafla 7.7 Fjöldi ónafngreindra foreldra í bókatexta eftir bókaflokkum ásamt tíðni og fjölda blaðsíðna þar sem þeir koma fram	48
Tafla 7.8 Fjöldi mæðra og feðra í burðarhlutverkum eftir bókaflokkum.....	49
Tafla 7.9 Fjöldi nafngreindra sögupersóna í myndmáli eftir bókaflokkum, ásamt tíðni og fjölda blaðsíðna þar sem þær koma fram.....	52
Tafla 7.10 Fjöldi mæðra og feðra í myndmáli eftir bókaflokkum, ásamt tíðni og fjölda blaðsíðna þar sem þau koma fram	54
Tafla 7.11 Algengustu lýsingarnar yfir nafngreindar sögupersónur í heildarfjölda barnabókanna	57
Tafla 7.12 Algengustu lýsingarnar yfir mæður og feður í barnabókunum	59

1. Inngangur

Einn af stærstu og áhrifaríkustu þáttunum í lífi barna eru barnabækur. Með hjálp bóka geta börn mótað þekkingu sína á hinum ýmsu fyrirbærum og uppgötvað nýja heima. En miklum mætti fylgir mikil ábyrgð, eins og segir í máltækinu og það á svo sannarlega við hér. Máttur bóka til að móta hugmyndir barna um sjálfa sig og aðra gerir óhjákvæmilega þá kröfu að innihald barnabóka styðji við þætti eins og víðsýni, umburðarlyndi og jafnrétti (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 20).

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar er jafnrétti kynjanna og birtingarmynd þeirra í 14 barnabókum sem notaðar eru sem kennslufni í fimm leikskólum á Akureyri. Einn leikskólakennari frá hverjum leikskóla tók þátt í rannsókninni og voru þeir beðnir um að tilgreina allt að þrjár barnabækur sem þeir nota reglulega í leikskólastarfinu. Markmið rannsóknarinnar er einnig að skoða hvort munur sé á birtingarmynd kynjanna eftir því hvaða grunnþætti menntunar bækurnar styðja helst við að mati leikskólakennarana. Grunnþættir menntunar eru einskonar grunnstoð í öllu skólastarfi og voru því notaðir sem ákveðinn útgangspunktur í rannsókninni. Eins og gefur að skilja þá leggur kynjajafnrétti áherslu á málefni beggja kynja og að bæði karlar og konur fái jöfn tækifæri, ábyrgð og réttindi (Fatma, bls. 97). Einnig eru staðalmyndir kynjanna afar mikilvægt atriði þegar kemur að kynjajafnrétti þar sem þær gefa upp einhæfa mynd af einstaklingum og senda þannig neikvæð skilaboð. Algengustu stöðluðu hugmyndirnar um kynin eru yfirleitt þess eðlis að karlmaðurinn búi yfir meiri líkamlegum styrk og sé líklegri til átaka á meðan konunni er ætlað að fæða og ala upp börnin og er oftast skynsemin og tilfinninganæmnin uppmáluð (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 58).

Innblástur rannsóknarinnar er skýrsla á vegum Jafnréttisstofu skrifuð af Kristínu Lindu Jónsdóttur (2011) en hún fjallar um rannsókn sem gerð var á birtingarmynd kynjanna í sögubókum fyrir miðstig grunnskóla. Í þeirri rannsókn var notuð svokölluð *innihaldsgreining* (e. content analysis) til að mæla jafnvægi kynjanna útfrá sýnileika og styðst höfundur þessarar rannsóknar við sömu aðferðir og Kristín Linda gerði í sinni rannsókn.

Í innihaldsgreiningu þessarar rannsóknar var sögupersónum bókanna skipt í tvo flokka; annars vegar í nafngreindar sögupersónur og hins vegar í ónafngreinda foreldra. Til að nálgast markmið rannsóknarinnar var sett fram rannsóknarspurning og undirspurning til afmörkunar. Spurningarnar eru:

Er munur á vægi kynjanna í tilgreindum barnabókum?

Er munur á vægi kynjanna í þeim barnabókum sem notaðar eru til að styðja við mismunandi grunnþætti?

Tilgáta höfundar er að mælanlegur munur sé á vægi kynjanna í barnabókunum, sem og vægi kynjanna í þeim barnabókum sem notaðar eru til að styðja við mismunandi grunnþætti.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar verður fjallað um grunnþætti menntunar samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) með megináherslu á grunnþáttinn jafnrétti. Umfjöllunin þróast svo yfir í málefni kynjajafnréttis en í undirkafla 2.1 verður hugtakið staðalímynd skoðað nánar, enda er það mikilvægur þáttur í allri umræðu um jafnrétti kynjanna. Í kafla 2.2 mun höfundur fara yfir foreldrahlutverk og færa rök fyrir því að birtingarmynd foreldra í barnabókum er ekki síður mikilvæg en annarra sögupersóna.

Í þriðja kafla mun höfundur fjalla nánar um *barnabókmenntir*. Farið verður stuttlega yfir sögu barnabóka á Íslandi, og rök færð fyrir þeim sem mikilvægum efnivið í leikskólastarfinu. Í undirkafla 3.1 verður nánar rýnt í barnabækur sem viðurkennt kennsluefni. Þar verða ýmsir þættir skoðaðir eins og efnisleg gæði bókanna sem og boðskapurinn sem í þeim er að finna. Út frá umfjölluninni um barnabækur verður sýnileiki sögupersóna í barnabókum skoðaður nánar í kafla fjögur. Þar verður rýnt ennþá dýpra í helstu einkenni staðalímynda, bæði hvað varðar nafngreindar sögupersónur og birtingarmynd foreldra. Í undirkafla 4.1 og 4.2 verður fjallað um sýnileika sögupersóna í barnabókum í texta og myndum. Þar mun höfundur koma inná nokkur greiningaratriði í máli og myndum barnabóka sem geta bent til þess að staðalímyndum sé haldið að lesendum.

Í fimmta kafla verður nánar fjallað um það sem einkennir íslenskt leikskólaumhverfi hvað mest og hvernig fræði og framkvæmd haldast ekki alltaf í hendur. Í framhaldi af því verður fjallað um hina svokölluðu *duldu námskrá* (e. hidden curriculum) í undirkafla 5.1 en þar er fjallað um hvernig rótgrónar hugmyndir og viðhorf leikskólakennara geta haft áhrif á þær ákvarðanir sem þeir taka í starfinu. Í undirkafla 5.2 mun höfundur fjalla um mismunandi kennsluáðferðir með bókum í leikskóla ásamt því að skoða áherslur leikskólakennara á grunnþáttinn læsi.

Í kafla sex verður aðferðarfræði rannsóknarinnar útskýrð nánar ásamt markmiði hennar, gagnaöflun og úrvinnslu, og ýmsum síðferðilegum atriðum.

Í beinu framhaldi af því, í kafla sjö, verður farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar og í kafla átta verða niðurstöður teknar saman og ræddar. Einnig mun höfundur fara yfir tillögur að frekari rannsóknum á þessu sviði, ásamt mögulegum takmörkunum og vanköntum rannsóknarinnar.

2. Jafnrétti kynjanna

Jafnrétti er einn af sex grunnþáttum menntunar skv. *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011), en áður en fjallað verður nánar um það er rétt að fjalla stuttlega um hina fimm grunnþættina eins og þeim er lýst í *Aðalnámskrá leikskóla*, það er *sjálfbærni*, *lýðræði* og *mannréttindi*, *heilbrigði* og *velferð*, *sköpun* og *læsi*.

Í leikskólastarfi snýst grunnþátturinn sjálfbærni í meginatriðum um að börn þroskist sem virkir samfélagsþegnar sem átta sig á gildi sínu gagnvart umhverfinu (*Aðalnámskrá leikskóla*, bls. 18). Grunnþátturinn lýðræði og mannréttindi leggur áherslu á færni í gagnrýnni hugsun og ígrundun. Einnig eru viðhorf, gildismat og siðferði stór hluti af lýðræðis- og mannréttindamenntun (bls. 19). Grunnþátturinn heilbrigði og velferð snýr að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan einstaklingsins (bls. 21). Í heftinu „Heilbrigði og velferð: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum“ (Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir, 2013) benda höfundar á svokallaða heilsufléttu þar sem þetta þrennt á að hámarka líkurnar á því að nemendur öðlist næga færni og þekkingu til þess að temja sér heilbrigðan lífstíl (bls. 13-14). Markmið sköpunar er að veita nemendum nýja sýn á ýmiskonar fyrirbæri og viðteknar hugmyndir þar sem opnað er á nýja möguleika með því að brjóta hefðbundin mynstur og kerfi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 22).

Grunnþátturinn læsi snýst fyrst og fremst um merkingarsköpun, og sköpun merkingar á sér aldrei stað í tómarúmi. Læsi snýst vissulega um kerfisbundin tákni og miðlunartækni en læsi er einnig félagslegt fyrirbæri. Túlkun einstaklinga á tilteknum texta er háð reynsluheimi þeirra og því getur skilningur þeirra verið gjörólíkur (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 16-17).

Hugtakið *jafnrétti* er afar stórt og umfangsmikið og því getur túlkun fólks á því verið misjöfn. Grunnþættirnir jafnrétti og mannréttindi eru nátengdir og háðir hvor öðrum. Jafnrétti vísar til þess að allir eigi rétt á sömu lífsgæðum óháð kyni, þjóðerni, búsetu, fötlun, lífsskoðunum, menningu, stétt, trúarbrögðum og tungumáli (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013, bls. 6). Ef við skoðum umfjöllun um jafnrétti í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) þá kemur þar fram að helstu markmið jafnréttismenntunar eigi að snúast um að

gefa nemendum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína í friðsamlegu samfélagi sem einkennist af umburðarlyndi, skilningi og víðsýni (bls. 19-20). Jafnrétti snýr einnig að manngildum einstaklingsins og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir þeim í leik og starfi (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013, bls. 6-7).

Megintilgangur þessarar rannsóknar er ekki að ná til allra þátta jafnréttis, heldur einskorðast hún við *kynjajafnrétti* (e. gender equality) og hvernig það birtist í þeim barnabókum sem þátttakendur tilgreina. En hvað felst í hugtakinu kynjajafnrétti? Í skýrslu frá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (2014, bls. 8-10) er lögð áhersla á mikilvægi þess að þjóðfélög átti sig á margbreytileika karla og kvenna, ásamt því að huga vel að málefnum beggja kynja. Jafnframt kemur fram í greininni „Gender Equality in Turkish Higher Education” (Fatma, 2018, bls. 97) að jöfn ábyrgð, réttindi og tækifæri karla og kvenna, stráka og stelpna séu helstu vísbendingar um jafnrétti kynjanna. Í allri umfjöllun um jafnrétti er rétt, ef ekki nauðsynlegt, að tala um heftið „Jafnrétti: grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum“ eftir Kristínu Dýrfjörð, Þórð Kristinsson og Berglindi Rós Magnúsdóttur (2013). Það var gefið út í kjölfar þess að grunnþættir menntunar voru skilgreindir og er þar af leiðandi nokkurskonar leiðarvísir um jafnrétti fyrir skólastarf. Í heftinu er gerð grein fyrir þróun kynjajafnréttis í sögulegu samhengi. Þar kemur meðal annars fram að sértækar aðgerðir á borð við kröfur Kvennalistsins árið 1970 um jöfn hlutföll kynja á framboðslistum höfðu mikil áhrif á jafnrétti kynjanna á Íslandi (bls. 9).

Einnig áttu sér stað önnur tímamót í þróun jafnréttishugtaksins þegar hugmyndir um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða urðu meira og meira áberandi í íslensku þjóðfélagi. Í þessu samhengi benda höfundar á verkefnið *kynjuð hagstjórn* á vegum fjármálaráðuneytisins frá árinu 2009. Verkefnið fólst í því að hafa jafnrétti kynjanna sem ákveðið leiðarljós í ákvarðanatöku um dreifingu og úthlutun fjármagns (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013, bls. 9). Jafnrétti kynjanna og málefni þess efnis er, eins og gefur að skilja, gríðarlega mikilvægt fyrir öll þjóðfélög og þar af leiðandi órjúfanlegur þáttur í allri menntun. Leik- og grunnskólum er því falið það mikilvæga verkefni að sinna jafnréttiskennslu með það að markmiði að undirbúa bæði kynin fyrir jafna þátttöku í þjóðfélaginu (Sólveig Björg Pálsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2020, bls. 2).

Eins og orðið leikskóli bendir til þá er leikurinn helsta námstæki leikskólans og jafnramt hafður að leiðarljósi í starfinu. Í þessu samhengi er hægt að líta á leikinn á tvenna vegu; annars vegar frá sjónarhóli barnsins og hins vegar frá sjónarhóli kennarans. Talið er að börn geti mótað hugmyndir um eigið kyn í leik við önnur börn (Morda og Waniganayake, 2017, bls. 126) og ef vel er fylgst með orðanotkun barnanna sín á milli má sjá, eða öllu heldur, heyrta hvernig viðhorf þeirra til kynjanna mótast (Bluiett, 2018, bls. 39). Í grein sem fjallar um málnotkun barna í hlutverkaleikjum er tekið dæmi um hvernig greina megi þetta ferli í hlutverkaleik. Fylgst var með börnum í brúðkaupsleik þar sem stelpa ein vildi vera brúðurin og skikkaði aðra stelpu til þess að sjá um blómin. Síðan kemur drengur og sækist eftir þátttöku í leiknum en brúðurin er ekki lengi að synja honum um þátttöku á þeim forsendum að leikurinn sé eingöngu ætlaður stelpum (Bluiett, 2018, bls. 39).

Leikskólaumhverfið býður uppá ýmis tækifæri fyrir jafnréttisnám barna og því er mikilvægt að umgjörð námsins sé skipulagt með jafnrétti kynjanna að leiðarljósi. Hér er rétt að koma inná efniviðinn og kennslugögnin sem notuð eru í kennslunni. Í skrifum sínum um hlutdeild kynjanna í námsbókum bendir Kristín Linda Jónsdóttir (2011) á þá ábyrgð sem fylgir því að velja þá þekkingu sem á að birtast í námsbókum, ásamt því að lög og gildi um jafna stöðu og rétt kynjanna þurfi alltaf að vera höfð að leiðarljósi (bls. 1).

Eitt af því sem gott er að hafa í huga hvað þessi mál varðar er að árangursrík menntun í kynjajafnrétti felst óumflýjanlega í því að kennarinn horfist í augu við eigin hugmyndir og viðhorf til kynjanna. Ætla má að sumir kennarar tileinki sér framúrstefnulegan hugsunarhátt, á meðan aðrir eru hrifnari af því að hafa hlutina eins og þeir hafa alltaf verið. Þessi tvö dæmi eru vissulega nokkuð ýkt en sýna engu að síður fram á hversu misjafn hugsunarháttur kennara getur verið.

Mikilvægt er þó að túlka ekki ólíkan hugsunarhátt kennara sem eitthvað slæmt eða sem neikvæða áhrifaþætti í námi barnanna. Fjölbreytileiki er mikilvægur í öllu starfi leikskólans en það eru hugmyndir og viðhorf kennarana sem skipta höfuðmáli í allri umræðu um kynjajafnréttisnám í leikskólum. Rótgrónar hugmyndir kennara geta valdið því að ákveðnum staðalímyndum kynjanna er viðhaldið í leikskólastarfinu.

Þessu til stuðnings má benda á niðurstöður úr rannsókn Sólveigar Bjargar Pálsdóttur og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2020). Rannsóknin fólst í því að kanna kynjajafnréttismentun sex leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Það sem

niðurstöðurnar sýndu meðal annars var að flestir leikskólakennarar létu í ljós sterkar skoðanir á kynjajafnrétti og neikvæðum áhrifum staðalímynda. Við skoðun á leikefni barnanna kom þó í ljós ákveðin mótsögn við þessar skoðanir. Leikefnið sem börnunum stóð til boða voru til að mynda púsluspil á vegum Disney samsteypunnar með tilheyrandi myndum af prinsessum og ofurhetjum sem bentu til þess að ákveðnum hugmyndum um staðalímyndir kynjanna var haldið að börnunum (Sólveig Björg Pálsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2020, bls. 10). Niðurstöðurnar bentu einnig til þess að þekking kennarana á kynjajafnréttismenntun leikskólanna var í sumum tilfellum takmörkuð. Að mati rannsakenda stafaði það líklegast af þekkingarleysi leikskólakennarana á ýmsum hugtökum tengdum kynjajafnrétti (bls. 13).

Af því sem fram hefur komið í þessum kafla þá er engum blöðum um það að fletta að kynjajafnrétti er langt frá því að vera einfalt viðfangsefni og það mætti kannski segja að það sé jafn margslungið og það er bráðnauðsynlegt. Þekking og hugmyndir kennara um jafnrétti kynjanna skipta miklu máli en miðað við það sem fram hefur komið þá er jafnvel enn mikilvægara að þekking á helstu hugtökum kynjajafnréttis séu til staðar. Í köflunum hér að neðan verður farið nánar í þau atriði sem ber að hafa í huga varðandi jafnrétti kynjanna.

2.1 Staðalímyndir

Í íslenskri nútímamálsorðabók er *staðalímynd* (e. stereotype) skilgreind sem stöðluð, fyrirfram gefin mynd af einhverju, einkum manneskju (Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir, 2020). Útfrá jafnrétti kynjanna eru staðalímyndir oftast drifnar áfram af rótgrónum hugmyndum samfélagsins um eiginleika kynjanna. Til nánari útskýringar má nefna nokkuð klassískt dæmi þar sem mamman á að sjá um að elda matinn á meðan pabbinn sér um að lesa blaðið og skamma börnin ef þau haga þér ekki vel.

Þetta er nokkuð einfalt dæmi um skilaboð til barna sem ýta undir staðalímyndir en í grunninn er það afar lýsandi fyrir þær staðalímyndir sem búast má við að birtist í barnabókum. Birtingarmynd staðalímynda í námsefni fyrir börn getur verið með margvíslegum hætti, hvort sem um er að ræða kyn, kynþátt eða menningarhóp. Sem dæmi um menningarhópa þá bentu niðurstöður rannsóknar Chaudhri og Schau (2016, bls. 18) til þess að ímynd

indíána í Norður-Ameríku hafi verið stórlega rangtúlkuð í námsefni grunnskólabarna.

Umræða um staðalímyndir kynjanna byggist að stórum hluta á þremur þáttum, *kyngervi* (e. gender), *kynjatengslum* (e. gender relations) og *kynhlutverkum* (e. sex roles) (Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014, bls. 4). Áður en nánar verður fjallað um staðalímyndir kynjanna er mikilvægt að gera grein fyrir þessum hugtökum. Hugtakið *kyn* er líffræðilega skilgreiningin á konum og körlum en í félagslegu samhengi er gjarnan talað um *kyngervi*. Samkvæmt þeirri skilgreiningu mótast kyngervi af hugmyndum fólks um kven- og karlmennsku en ekki líffræðinni einni saman (West og Zimmerman, 1987, bls. 126 og 137). Hugtakið *kynjatengsl* gerir grein fyrir því hvernig kyngervið tengist félagslegum aðstæðum og opnar þannig á ýmsar aðrar spurningar varðandi hlutverk kyngervisins í því samhengi. Tengsl barnaupveldis og kyngervis er eitt dæmi um kynjatengsl í flestum þjóðfélögum og þær væntingar sem gerðar eru til kynjanna (Connell og Messerschmidt, 2005, bls. 842).

Hér er vert að gera grein fyrir þriðja hugtakinu sem er *kynhlutverk* og einkennist að stórum hluta af þeim væntingum sem gerðar eru til kynjanna (Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014, bls. 4). Væntingar og kröfur til kynjanna hafa hvað mest komið úr tveimur áttum, annars vegar *eðlishyggju* (e. essentialism), og hins vegar *mótunarhyggju* (e. social constructionism). Rekja má uppruna eðlishyggjunnar til hugmynda Aristótelesar um eðli karla og kvenna eða *tvíhyggju* (e. dualism). Samkvæmt þeim hugmyndum er hið eðlislæga hlutverk konunnar að ganga með og ala upp börn (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2002, bls. 94). Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir lýsa þessum hugmyndum um kynin sem ríkjandi karlmennsku og styðjandi kvenleika (2014, bls. 4), þar sem karlmaðurinn er tengdur við samkeppni og líkamlega yfirburði, en konan tengd við mannúðlegri eiginleika, umhyggjusemi og tilfinninganæmni (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 58).

Mótunarhyggja lítur aftur á móti á einstaklingsmótun út frá menningarlegu og samfélagslegu sjónarhorni og er þar með gjörólík, eða ákveðin andstaða við eðlishyggjuna. Mótunarhyggja felst í ákveðnum kenningum og hugmyndum um að þekking einstaklingsins mótist eingöngu af ytri áhrifum umhverfisins og beinir spjótum sínum í rauninni að samfélaginu sem hann lifir í (Þórdís Þórðardóttir, 2012). Öfugt við eðlishyggjuna þá skilgreinir mótunarhyggjan

kynin útfra þeirri merkingu sem þau öðlast í gegnum ríkjandi viðhorf samfélagsins. Samkvæmt þessum hugmyndum má færa rök fyrir því að þekking og reynsla einstaklingsins sé lituð af upplifun hans á umhverfinu sem hefur einnig áhrif á viðhorf hans gagnvart eigin kynhlutverki og annarra (bls. 3).

Eins og sjá má af þeirri umfjöllun sem fram hefur komið þá er skilgreining á staðalímyndum margslungin og háð ýmsum öðrum undirþáttum. Fræðileg umræða um staðalímyndir byrjar á kyni einstaklingsins sem í samfélagslegu samhengi er skilgreint sem kyngervi. Tengsl kyngervisins við félagslegar aðstæður, eða kynjatengsl, beinir síðan umræðunni að kynhlutverkum og mismunandi hugmyndum gagnvart þeim. Vert er að taka fram að þessari umfjöllun um undirstöðupætti staðalímynda er ekki ætlað að ná yfir öll þau heimspekilegu málefni er varða kynin, heldur er henni eingöngu ætlað að gefa fræðilega innsýn í hvernig höfundur túlkar staðalímyndir í rannsókninni.

En hver er algengasta staðalímynd karla og kvenna? Eins og fram kom ofar í þessum kafla þá er helsta sýn eðlishyggjunnar sú að karlmenn hafi ákveðna líkamlega yfirburði yfir konur, séu rökvísir og lausnamidaðir. Þá er konunni ætlað að fæða og ala upp börnin og er oftast skynsemin og tilfinninganæmnin uppmáluð (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 58). Í þessu samhengi bendir Bluiett (2018, bls. 39) á að sú hugmynd að strákar leiki sér með bíla og að stelpur leiki sér með dúkkur sé mjög lýsandi fyrir viðhorf margra leikskólabarna gagnvart eigin kynhlutverki og annarra.

Í rannsókn Þórdísar Þórðardóttur (2012) sem gerð var á upplifun og reynslu 68 barna á aldrinum fjögurra til fimm ára af barnabókmenntum og afþreyingarefni kom meðal annars fram að þátttakendur tengdu stelpur oftast við fínlega hluti eins og álfa og prinsessur, á meðan strákarnir voru oftast tengdir við hetjur og stríðsleiki. Þessar niðurstöður, ásamt orðræðu þátttakenda, bentu til þess að flestir þátttakendur litu á leiki leikskólabarnanna útfra sjónarmiði eðlishyggjunnar (bls. 11). Að sama skapi benda Sólveig Björg Pálsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2020, bls. 3) í skrifum sínum á það sem helst einkennir orðræðu um drengi og stúlkur. Orðræðan einkennist helst af því að stúlkum er ætlað að vera í rólegum leik á borð við dúkkuleiki eða borðvinnu, á meðan drengjum er oftast ætlað að vera í fyrirferðameiri leikjum eins fjörugum hreyfi- eða ærslaleikjum svo dæmi séu tekin.

Þau taka einnig fram að afþreyingarefni barna, og þar á meðal barnabækur, sé stór þáttur í kyngervismótun þeirra og innihaldi ýmiskonar skilaboð um

hlutverk kynjanna. Sem dæmi nefna ýmis ævintýri eins og *Litlu Hafmeyjuna*, *Frozen*, *Hulk*, og *Spiderman* sem uppfylla öll skilyrði um ofangreinda tvíhyggju Aristótelesar (Sólveig Björg Pálsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2020, bls. 3). Það er því að mörgu að hyggja í jafnréttismenntun barna og gefur það sem komið hefur fram skýra mynd af þeim staðalímyndum sem leitað er eftir í tilgreindum bókum í þessari rannsókn.

2.2 Foreldrahlutverk

Staðalímyndir eiga þó ekki bara við um börnin sjálf heldur einnig þá aðila í lífi þeirra sem standa þeim næst. Í þessum kafla verður umfjölluninni því vikið að foreldrahlutverkum. Foreldrar barna geta verið af öllum stærðum og gerðum, af sitthvoru eða sama kyni og svo framvegis, en óháð því þá er nokkuð ljóst að foreldrar og/eða umönnunaraðilar barnsins er fólkið sem stendur barninu næst og þekkir það best. Strax í upphafi ævinnar eru börn háð öðrum, bæði líkamlega og andlega og samhliða því að uppfylla grunnþarfir barnsins þá er hlutverk umönnunaraðila að styðja við og ýta undir nám og þroska barnsins (Degotardi og Pearson, 2017, bls. 77).

Ýmsar rannsóknir hafa jafnframt bent til þess að leikur barna á leikskólaárunum sé að miklu leyti háður samskiptum þeirra við sína umönnunaraðila (Nielsen og Christie, 2008, bls. 152). Seinna meir eru börn mjög líkleg til þess að rýna í hegðun og hlutverk foreldra sinna innan heimilisins og getur það verið stór áhrifaþáttur í sjálfsmynd barnsins og sýn á eigin hlutverki (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2011, bls. 78).

Það gefur því augaleið að foreldrar barna og þeir sem standa þeim næst í uppeldinu eru fyrirmyndir og skipa gríðarlega stóran sess í lífi þeirra. Í því samhengi er vert að fjalla um hlutverk þeirra og hvaða áhrif þeir kunna að hafa á börn sín varðandi jafnréttismenntun. Mikilvægt er að gera það skýrt hér að umfjöllun um foreldra í þessari ritgerð er ekki einskorðuð við hefðbundna birtingarmynd foreldra, það er að segja eina móður og einn föður. Slíkt form foreldra er að sjálfsögðu hluti af umfjölluninni en fyrir málefnalegt gildi rannsóknarinnar ber að huga að eins mikilli víðsýni og hægt er.

Til eru ýmsar hugmyndir um hlutverk foreldra í lífi barna. Hugmyndin um feður sem helstu fyrirmyndir drengja og mæður sem helstu fyrirmyndir stúlkna er til að mynda nokkuð víðtæk og vinsæl afstaða fólks hvað varðar barnauppleði. Staðreyndin er hins vegar sú að spurningin um hlutverk foreldra

í lífi barna er ekki einföld og við henni fæst ekki eitt einfalt svar. Rohrman (2019, bls. 27) bendir á að skilningur okkar á hlutverki mæðra og feðra í lífi barna byggist á tveimur grunnhugmyndum. Annars vegar þeirri hugmynd að mæður og feður eru ólík að eðlisfari, og hins vegar að allir foreldrar eru jafn færir um að ala upp börn, óháð kyni. Þessar tvær hugmyndir stangast að ýmsu leyti á við hvor aðra og vekja því upp ýmsar spurningar og vangaveltur varðandi hvort vegur meira, kyn foreldrisins eða umhverfið.

Í þessari ritgerð verður ekki gerð tilraun til þess að svara þeim spurningum endanlega en áhugavert væri þó að nálgast þetta málefni útfrá rannsókn sem gerð var á hormónastarfssemi nýbakaðra foreldra. Tekin voru blóðsýni úr foreldrunum fyrir og eftir fæðingu barna þeirra þar sem starfsemi hórómónanna *prolactin* og *cortisol* var meðal annars mælt. Niðurstöðurnar sýndu fram á lítinn sem engan mun á starfssemi þessara tveggja hormóna í foreldrunum sem gefur ákveðnar vísbendingar um að tengslamyndunin sem á sér stað eftir fæðingu barnsins sé að mörgu leyti sú sama óháð kyni foreldranna (Storey, Walsh, Quinton og Wynne-Edwards, 2000, bls. 90-91). Útfrá þessum niðurstöðum mætti færa rök fyrir því að þátttaka feðra í uppeldi barna sé meira háð félags- og menningarlegum þáttum fremur en líffræðilegum.

Útfrá því sem fram hefur komið þá er nokkuð ljóst að foreldrar skipa stóran sess í lífi barna sinna. Einnig ætti kyn foreldranna eitt og sér ekki að vera ríkjandi áhrifaþáttur í þátttöku þeirra í uppeldinu. Hér eru því komnar ákveðnar forsendur fyrir því sem leitað verður eftir í birtingarmynd foreldra í barnabókum þessarar rannsóknar. Til þess að mæla jafnrétti á meðal foreldranna verður skoðað hvort foreldrið er meira virkt í uppeldinu, hvernig þeir eru framsettir í myndmáli og svo framvegis.

3. Barnabókmenntir

Miðað við umfjöllunina í ofangreindum kafla þá liggur það ljóst fyrir að jafnrétti kynjanna er yfirgripsmikið hugtak og í allri málefnalegri umræðu því tengdu er nauðsynlegt að gera öllum viðeigandi þáttum góð skil. Þar á meðal er námsefnið, eða efniviður leikskólans og er val á slíku afar vandasöm ákvörðun. Passa þarf uppá að námsefnið sé ekki þess eðlis að það viðhaldi ríkjandi staðalmyndum kynjanna. Það er því mikilvægt að leikumhverfi barnanna, ásamt tilheyrandi efniviði, sé eins kynlaust og hægt er (Emilson, Folkesson og Lindberg, 2016, bls. 237). Í leikskólastarfi leynist fjöldinn allur af tækifærum sem nýta má til þess að ýta undir kynjajafnréttisvitund barna. Leikurinn og leikefni barnanna spila þar stórt hlutverk, ekki bara varðandi kennsluna heldur einnig varðandi námsmat. Eins og fram kom í kafla 2.1 um rannsókn Bluiett (2018, bls. 39) er hægt að nota frjálsan leik barna og samskipti þeirra á milli sem ákveðið mat á það hvort jafnréttiskennsla leikskólans hafi áhrif á börnin og hugmyndir þeirra varðandi kynin.

Færð hafa verið rök fyrir því að leikumhverfi barna hafi mótandi áhrif á hugmyndir þeirra um kynhlutverk og sá efniviður sem er hvað algengastur í leik og starfi leikskólabarna eru barnabækur. Það er því ágætt að víkja umfjölluninni að meginviðfangsefni þessarar rannsóknar, barnabókmenntum. Í aldanna rás hafa menn alltaf haft ákveðna þörf fyrir listræna tjáningu. Elsta listræna tjáning manna sem vitað er um eru hin 40.000 ára gömlu hellamálverk í Dordogne héraði í Suður-Frakklandi (Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage, 2013, bls. 7) og talið er að hið elsta ritaða orð megi rekja til Egyptalands frá árinu 2600 fyrir krist (Lichtheim, 2019). Ritað mál er lífseigt og gerir manneskjunni því kleift að bera hugmyndir á milli kynslóða. Tengsl bóka og barnaupveldis eiga sér langa sögu enda komst fólk fljótt að því hvernig nýta mætti bækur bæði sem lærdóms- og agatæki (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006, bls. 20). Í kjölfar aukinna áhrifa frá upplýsingastefnunni myndaðist þörf á menntun miðstéttarinnar og þar með einnig fræðslu fyrir börn. Fyrstu barnabækurnar á heimsvísu komu svo fram á sjónarsviðið við lok 17. aldar og einkenndust þær einkum af allskonar dæmisögum og ævintýrum (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2006, bls. 20). Síðar voru fleiri og fleiri barnabækur gefnar út eins og ævintýri Grimms bræðra sem við könnumst flest öll við (Arlandis og Torres, 2018, bls. 125). Talið er að íslensk barnabókmenntasaga eigi rætur sínar að rekja til ársins 1780 þegar bókin *Barnaljóð* eftir Vigfús

Jónsson var gefin út í Kaupmannahöfn (Silja Aðalsteinsdóttir, 1981, bls. 40-41). Snemma á 20. öld koma svo fleiri íslenskar barnabækur fram á sjónarsviðið hér á landi eins og Nonnabækurnar sígildu eftir Jón Sveinsson (1922-1928) sem voru hvað vinsælastar.

Hugtakið barnabókmenntir er nokkuð víðtækt og felur í sér marga undirþætti. Frá uppeldisfræðilegu sjónarmiði má færa rök fyrir því að barnabókmenntir sé ein mikilvægasta tegund bókmennta. Sú tegund barnabókmennta sem er til umfjöllunnar í þessari ritgerð er ætluð leikskólabörnum og á þeim aldri eru börn hvað móttækilegust fyrir þeim skilaboðum sem barnabækurnar innihalda. Það ýtir jafnframt undir mikilvægi þess að leikskólakennarar séu gagnrýnir á bækurnar sem þeir nota í kennslunni og að þeir sem að gerð barnabókanna standa vandi vinnubrögð sín. Í næsta kafla mun höfundur fara yfir almenna uppbyggingu barnabóka ásamt því að skoða helstu einkenni barnabóka sem notaðar eru í íslenskum leikskólum.

3.1 Innihald barnabóka

Þegar kemur að boðskap barnabóka er notkun tungumálsins eitt öflugasta verkfæri barnabókahöfunda. Notkun tungumálsins mótast af menningarlegum viðhorfum og hugmyndum fólks um það hvernig heimurinn virkar (Tarrayo, 2014, bl 30). Leikskólakennarar þurfa því að vera vel meðvitaðir um innihald bókanna sem börnin hafa aðgang að ásamt þeim bókum sem þeir nota í kennslunni. Á leikskólaaldri eru börn afar móttækileg fyrir umhverfi sínu enda er félags- og tilfinningaþroski þeirra enn í fullri mótun. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að nám barna í leikskóla styðji og ýti undir þessa þroskaþætti (Beauchat, Blamey, Walpole og Sharon, 2009, bls. 26).

Eins og fram hefur komið þá ber leikskólakennurum skylda til að haga kennslu sinni útfrá þeim markmiðum og áherslum er fram koma í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Kennarar eiga að sjá til þess að hinum sex grunnþáttum menntunar séu gerð góð skil, hvort sem það er með notkun barnabóka eða öðru. Hér er vert að staldra aðeins við og skoða það sem leynist í innihaldi barnabóka og þau skilaboð sem send eru til barnanna. Það fyrsta sem ber að nefna í þessu samhengi eru ákveðnar staðalímyndir sem gjarnan eru dregnar upp af kynjunum. Staðalímyndir kynjanna leynast víða í samfélaginu og eru barnabókmenntir þar engin undantekning.

Í greininni „Understanding the Puzzle Behind the Pictures: A Content Analysis of Children’s Picture Books About Autism” fjalla Azano, Tackett og Sigmon (2017, bls. 1) um niðurstöður úr greiningu á 35 barnabókum. Markmið greiningarinnar var að kanna hvernig kennarar gætu notað barnabækur til þess að auka skilning og þekkingu nemenda á einhverfu. Niðurstöðurnar leiddu meðal annars í ljós að notkun tungumáls í barnabókum getur verið afar kraftmikið og því mikilvægt að kennarar skoði textann í bókinni vel og meti hvort orðalagið sé í takt við markmið kennslunnar eða ekki (Azano, Tackett og Sigmon, 2017).

Sem dæmi um þetta greina Azano, Tackett og Sigmon (2017) frá því hvernig bókahöfundar nota stundum beinskeytt og jafnvel harðneskjulegt orðalag til þess að vekja lesandann til umhugsunar um viðfangsefnið. Í slíkum tilvikum koma til dæmis fram neikvæð lýsingarorð í garð sögupersóna í bókinni. Það fellur þar af leiðandi í hlut kennara að túlka textann rétt og meta hvort hann geti notað hann til þess að ná fram markmiðum sínum í kennslunni (Azano, Tackett og Sigmon (2017, bls. 7). Í niðurstöðum greiningarinnar kom einnig fram hvernig hægt er að nýta barnabækur í kennslu til þess að varpa ljósi á mismunandi sjónarmið. Þannig getur bók sem skrifuð er frá sjónarhóli barns með einhverfu gefið lesendum tækifæri til þess að skoða heiminn með þeirra augum, og aukið þar af leiðandi skilning á einhverfu.

Það gefur augaleið að bókmenntir í skólum er afar mikilvægt kennsluverkfæri, sérstaklega þegar kemur að læsi. Merkingarsköpun, samskipti og sköpun eru þar í fararbroddi (Stefán Jökullsson, 2012, bls. 15). Þó að bókakosturinn sé alls ekki eina leiðin til þess að efla læsi þá má ekki gleyma miklvægi lesturs og ritunar í leikskólastarfinu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 17). Bókmenntir geta verið leið kennarans til að ýta undir sköpunargáfu, ímyndunarafl og forvitni nemenda sinna og geta gert nemendum kleift að skyggast inn í og læra um ýmsa félagslega- og menningarlega þætti og mynda smátt og smátt skoðun á því hvað það þýðir að vera manneskja í þessum heimi (Paatsch, Hutchison og Cloonan, 2019, bls. 62).

Eins og fyrr segir þá eru barnabókmenntir eitt meginþema þessarar rannsóknar og til nánari útskýringar þá miðast rannsóknin við barnabókmenntir ætlaðar börnum á aldrinum þriggja til sex ára. Algengasta einkenni slíkra bóka eru myndskreytingar og vel læsilegur texti. Myndirnar í bókunum eru gjarnan margar og textinn í minna magni en tíðkast í bókum sem ætlaðar eru eldri

börnum. Eins og Gönen, Şahin, Ezmeci og Selçuklu (2018, bls. 61) benda á má ætla að þessi einkenni barnabóka ýti undir ákveðnar ranghugmyndir í samfélaginu um að þær krefjist minni vinnu og séu þar með auðveldara viðfangsefni miðað við aðrar bókmenntir. En eins og í öllum bókmenntum þá er það innihald bókanna sem skiptir máli en ekki magnið (Gönen, Şahin, Ezmeci og Selçuklu, 2018, bls. 61). Færri blaðsíður og fleiri myndir þýða ekki að höfundur eigi minni vinnu fyrir höndum, heldur þvert á móti ef eitthvað er. Allir bókmenntahöfundar, hvort sem þeir eru að skrifa bók ætlaða börnum, unglingum eða fullorðnum, þurfa að skila hugsjón sinni til lesandans með skýrum og vönduðum hætti (Gönen, Şahin, Ezmeci og Selçuklu, 2018, bls. 61).

Í greininni „Determination of Preschool Teacher’s Preference Reasons for Children’s Books Used by Them in Their Classes” fjallar Bartan (2018, bls. 188-189) um það sem leikskólakennarar ættu að hafa hvað mest í huga við val á barnabókum í kennslu sinni. Þeir þurfa annars vegar að huga að efnislegum gæðum bókanna og hins vegar innihaldi þeirra. Þegar horft er til efnislegra gæða bókanna þá er mikilvægt að bókin sé nógu efnislega sterk til þess að standast tímans tönn ásamt því að þola meðferð barna á henni, sem getur verið misgóð. Einnig skiptir máli að samspil myndbirtinga og texta bókarinnar sé í góðu jafnvægi og sé þar af leiðandi ekki of flókið fyrir lesandann.

Næsta skref er að kynna sér innihald bókarinnar en þar er gott að byrja á því að skoða beitingu tungumálsins. Er textinn nógu einfaldur, skýr og/eða skiljanlegur? Þegar unnið er með barnabækur, og þá sérstaklega bækur sem ætlaðar eru leikskólastiginu, þá er afar mikilvægt að gott flæði sé í textanum og að hann efli orðaforða barnanna. Jafnframt kemur fram að texti bókarinnar þurfi að vera mjög skýr og með nokkuð ótvíræða merkingu (Bartan, M, 2018, bls. 189). Annað atriði sem ber að skoða eru sögupersónurnar. Mælt er með því að bókin innihaldi fáar sögupersónur og skýr mörk séu á milli aðal- og auka sögupersóna. Hvort sem að sögupersónurnar séu dýr, geimverur eða vélar skiptir mestu máli að þær hafi skýra tengingu við raunveruleika lesandans. Þriðja og jafnvel mikilvægasta atriðið sem mikilvægt er að skoða í innihaldi barnabóka er viðfangsefnið. Um hvað fjallar sagan og hverju vill höfundurinn skila til lesandans? Líkt og með notkun tungumálsins þá ætti viðfangsefni bókarinnar að vera nokkuð skýrt og ótvírætt. Hér er tekið undir það sem fram hefur komið í þessari ritgerð varðandi tilgang barnabóka, það er að viðfangsefni bókarinnar ætti að vera notað til þess að efla ýmsa samfélagslega þætti eins og virðingu, vináttu, hjálpssemi og svo framvegis. Einnig ætti

viðfangsefnið að snúast um að ýta undir þroskaþætti barna, hvort sem um er að ræða vitsmunalega eða félagslega þroskaþætti (Bartan, M, 2018, bls. 189). Í umfjöllun Bartan dregur hann saman ofangreinda þætti þegar kemur að því að skrifa barnabók. Höfundur ætti að hafa þessa þætti í huga og passa uppá gott jafnvægi þeirra á milli.

Á sama tíma þarf viðfangsefnið að höfða til lesenda og vera framsett á þann hátt að það grípur áhuga þeirra. Það sem kann hins vegar að gera vinnu barnabókahöfunda jafnvel erfiðari er að þeir þurfa að setja sig í spor barns og skapa heim sem það skilur og getur tengt við. Það sem bætist ofan á þetta er hversu leikinn höfundurinn er að leggja inn ýmis siðferðisleg gildi og jákvæð viðhorf hjá barninu, ásamt því að veita því tækifæri til þess að velta ýmsum hlutum fyrir sér, túlka þá og komast að niðurstöðu (Gönen, Şahin, Ezmeci og Selçuklu, 2018, bls. 61).

Eins og fram kom í umfjöllun um staðalímyndir í kafla 2.1 þá eru barnabækur einn af þeim efniviðum sem kunna að hafa afar mótandi áhrif á hugmyndir barna um hlutverk kynjanna. Bækur á borð við Litlu Hafmeyjuna og ýmsar ofurhetjubækur um hinn mikla Hulk, Spiderman og fleiri, eru bara örfá dæmi um bækur sem eru stútfullar af stöðluðum hugmyndum um ríkjandi karlmennsku og styðjandi kvenleika (Sólveig Björg Pálsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2020, bls. 3).

4. Sýnileiki sögupersóna í barnabókum

Í kaflanum hér að ofan var fjallað um helstu einkenni barnabóka ásamt mikilvægi þeirra í leik og starfi. Miklu máli skiptir að barnabækur séu gerðar úr sterku efni sem gerir þeim kleift að þola tímans tönn og misgóða meðhöndlun. Innihald barnabóka, það er viðfangsefnið, söguþráðurinn og persónusköpunin, eru atriði sem skipta höfuðmáli í öllum barnabókum. Sé rétt unnið með þessa þætti getur bókin nýst vel til þess að ýta undir vitsmunalega og/eða félagslega þroskaþætti barna (Bartan, 2018, bls. 188-189). Það má því ætla að hér séu komin nokkur atriði sem leikskólakennarar ættu að hafa í huga við val á barnabókum fyrir leikskólann.

Eins og fram kom í kaflanum að ofan þá voru fyrstu barnabækurnar notaðar til þess að kenna börnum góðar venjur og siði ásamt því að ýta undir læsi og að því leiðir að birting sögupersónanna í þessum bókum hafi verið með nokkuð hefðbundnum hætti og endurspeglad kynhlutverk þess tíma. Áður en lengra er haldið er ekki úr vegi að staldra aðeins við og fara yfir helstu einkenni sögupersóna í barnabókum. Sögupersónur barnabóka eru gjarnan flokkaðar á tvenna vegu; annars vegar sem miðlægar persónur og hins vegar sem jaðarpersónur. Miðlægar persónur geta verið aðalpersónur eða mótleikarar aðalpersónu, en jaðarpersónur eru oftast aukapersónur sem eru minna áberandi í bókunum (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999, bls. 88).

Ef við skoðum birtingarmynd kynjanna í þessum fyrstu barnabókum þá kemur það sjálfsagt engum á óvart hversu ólík karla og kvenhlutverkin voru. Líf kvenkyns sögupersóna var ekki mjög ævintýralegt, störf þeirra sem húsmæður og uppalandur var jafnframt mjög áberandi (Hendriksen, Jakobsen og Nistrup, 1978, bls. 41-42). Ef við lítum á karlkyns sögupersónur í barnabókum almennt þá lenda þeir gjarnan í miklum ævintýrum sem gerir líf þeirra oftast mun meira spennandi en líf kvenkynsins.

Eins og fram kom í umfjöllun um foreldra í kafla 2.2 þá hefur hlutverk og hegðun foreldra mikil áhrif á sjálfsmynd barna og sýn þeirra á eigin hlutverk (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2011, bls. 78). Það er því mikilvægt að barnabækur innihaldi ekki boðskap sem ýtir undir staðalímyndir foreldra. Sýnileiki foreldra í barnabókum getur verið mismikill og í mörgum barnabókmenntum þá geta foreldrar birst í öllum stærðum og gerðum. Sem dæmi má nefna bókina *Fjölskyldan mín* (2017) eftir Ástu Rún Valgerðardóttur þar sem foreldrar aðalpersónunnar eru tvær mæður.

Fjarvera foreldra í barnabókum hefur einnig verið vinsæl nálgun barnabókahöfunda í gegnum tíðinda, enda hefur það talist árangursrík leið til þess að valdaefla sögupersónurnar og gefa þeim raddir. Eitt besta dæmið um slíkar bókmenntir er *Lína Langsokkur* eftir Astrid Lindgren sem kom upprunalega út árið 1945 (Russell, 2000, bls. 167). Jafnframt er talið að fjarvera foreldra í barnabókum geti skapað ákveðið frásagnarrými þar sem lesanda er gefið frelsi til að ögra eða ýta undir staðalímyndir foreldra í gegnum samræður fyrir, á meðan, eða eftir lestur sögunnar (Gubaidullina og Gorenintseva, 2016, bls. 202). Aðrar íhaldsamari barnabókmenntir eiga þó til að ýta undir fyrirfram ákveðnar hugmyndir um samfélagslegar skyldur foreldra þar sem aðalmarkmið móðurinnar er velferð barnanna (Gubaidullina og Gorenintseva, 2016, bls. 202 og 209).

Í greiningu sem gerð var á birtingarmynd foreldra í barnabókum bendir Vanessa Joosen (2015, bls. 150) á að ímynd föðurins í barnabókum virðist hafa þróast úr hefðbundnu yfirvaldi eða agavaldi yfir í einhverskonar félagsveru þar sem þeirra hlutverk er oftast en ekki að hafa ofan af fyrir barninu og sýna því hinar skemmtilegu hliðar lífsins. Jafnframt áttu flestar bækurnar það sameiginlegt að flest ábyrgðarhlutverk heimilisins féllu í hlut móðurinnar, ásamt því að fjölskyldumeðlimir treystu oftast á móðurina til þess að veita þeim tilfinningalegan stuðning (Joosen, 2015, bls. 157).

Í fyrri köflum hefur umfjöllunin snúið meðal annars að mikilvægi kynjajafnréttis í barnabókum og mikilvægi þess að stöðluðum hugmyndum um hlutverk kynjanna sé ekki haldið að lesendum barnabóka. Í næsta kafla verður fjallað um hvort og þá hvernig segja megi til um birtingu kynjajafnréttis í barnabókum. Sú aðferð sem reynst hefur árangursrík er að skoða hlutdeild sögupersónanna í bæði texta og myndbirtingu bókanna.

4.1 Hlutdeild sögupersóna í texta

Myndbirtingar í barnabókum gegna veigamiklu hlutverki, og þá sérstaklega í þeim bókum sem ætlaðar eru yngri leikskólabörnum. En áður en fjallað verður nánar um það er ágætt að byrja á texta bókanna og innihaldi hans. Eins og fram kom í þriðja kafla þá innihalda barnabækur vanalega ekki of langa texta en það er ekki þar með sagt að innihald hans sé með einhverjum hætti minna mikilvægt. Þó svo að bókin sé ætluð börnum á leikskólastigi, sem mörg hver

eru enn ólæs, þá hefur textinn vafalaust áhrif á það hvernig innihald bókarinnar skilar sér inni kennsluna.

Það fyrsta sem ber að nefna í þessu samhengi er hlutdeild kynjanna í bókunum þar sem nafngreiningar sögupersóna í texta barnabókanna eru skoðaðar og hvernig þær skiptast á milli kynjanna. Eðli málsins samkvæmt þá hafa færri nafngreiningar í bókatekta í för með sé minni sýnileika sem er jafnframt fyrsta vísbendingin um skort á kynjajafnrétti. Þessi nálgun hefur verið notuð í ýmsum rannsóknum og sem dæmi er rannsókn Kristínar Lindu Jónsdóttur (2011, bls. 23-24) á hlutdeild kynjanna í sögubókum fyrir miðstig grunnskóla og rannsókn Ann-Sofie Ohlander (2010) á heildartekta í sænskum sögunámsbókum. Samkvæmt niðurstöðum beggja rannsókna kom karlkynið mun oftar fram í bókunum sem jafnframt sýnir fram á gífurlegt ójafnvægi í sýnileika kynjanna í bókunum. Chick og Altoona (2006) greina frá samskonar rannsókn þar sem rýnt var í þrjár sögubækur fyrir miðstig í grunnskóla í Bandaríkjunum með notkun innihaldsgreiningar. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu einnig fram á meiri sýnileika karlkynsins og þar með verulegt ójafnvægi í birtingarmynd kynjanna (bls. 287).

Til þess að geta nýtt þessa aðferð við mælingu á sýnileika foreldra í texta þarf fyrst að skoða skilgreiningu foreldrana og hvort bara eigi að telja til foreldra sem nefndir eru á nafn eða einungis ónafngreinda foreldra. Það er allur gangur á því hvort foreldrar eru nafngreindir í barnabókum en til að koma í veg fyrir misskilning voru einungis ónafngreindir foreldrar skoðaðir í þessari rannsókn.

4.2 Hlutdeild sögupersóna í myndmáli

Við greiningu á hlutdeild sögupersóna í myndmáli gilda sömu reglur og nefndar voru í kaflanum hér að ofan, það er að segja, sýnileikinn getur sagt til um jafnvægi í birtingarmynd kynjanna og því er mikilvægt að greina frá því hér. Myndir í barnabókum eru í raun tjáskipti án orða þar sem höfundur beitir ýmsum aðferðum til þess að koma viðfangsefni bókarinnar til skila með myndrænum hætti. Jafnframt hefur notkun tákna og mynda í uppeldisstarfi reynst lykilþættir þegar kemur að vitsmunabroska barna (Gauvain, 1995, bls. 33). Rannsóknir hafa sýnt fram á að við tveggja ára aldur sýni börn marktæka svörun við tákna- og myndrænum tjáskiptum sem bendir til þess að skilningur þeirra á myndum og táknum sé langt á veg kominn á þessum aldri (Fletcher

og Sabo, 2006). Þessi skilningur á myndum er þar af leiðandi ákveðið merki um þau áhrif sem myndmál og myndbirting barnabóka kann að hafa í námi og uppeldi barna. Hafa ber í huga að þó svo að börn tveggja ára og yngri sýni virka þátttöku með notkun tákna og mynda þá hafa þau enn ekki öðlast færni í að mynda sér skoðun á þeim líkt og börn sem hafa náð fjögurra til sex ára aldri (bls. 1).

Á Íslandi er mikið úrval af allskonar barnabókum og því er ágætt að fara yfir helstu einkenni þeirra. Í bókinni *Íslenskar barnabækur* bendir Silja Aðalsteinsdóttir (1981, bls. 231) á hvernig hægt er að raða barnabókum í fjögur erfiðleikastig þegar myndmál á í hlut. Til að byrja með innihalda bækur sem ætlaðar eru yngstu börnum á leikskóla gjarnan samhengislausar stakar myndir, sem í sumum tilfellum eru án texta. Því næst förum við að sjá bækur með söguþræði þar sem myndmálið er notað til þess að segja söguna og textinn þar af leiðandi óþarfur. Í bókum á þriðja og fjórða stigi hefur textinn smátt og smátt tekið völdin yfir söguþræðinum en myndmálið er þó enn til staðar þó svo að það sé tæknilega séð ekki nauðsynlegt. Af því sem fram hefur komið þá er það nokkuð ljóst að myndmál barnabóka er afar öflugur miðill sem nota má sem verkfæri í leikskólastarfinu.

Eins og fram kom í kaflanum hér að ofan þá er skynsamlegt að gera ráð fyrir því að leikskólabörnin sem bækurnar eru ætlaðar séu ólæs, þar af leiðandi skipta myndirnar í bókunum miklu máli samhliða bókatextanum. Sýnt hefur verið fram á að myndmál í barnabókum getur stutt við málþroska barna ásamt því að efla félags- og vitsmunarþroska þeirra (Mantzicopoulos og Patrick, 2011, bls. 271; Ípek-Yükselen, 2013, bls. 60; Ural, 2013, bls. 34). Tilgangur myndbirtinga í barnabókum er í grunninn að höfða til ímyndunarafis lesenda og grípa þannig athygli þeirra. Myndbirtingar geta einnig nýst sem leið til að efla sköpunargleði þar sem ýtt er undir forvitni og áhuga barna á einhverju viðfangsefni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 22). Í nútíma barnabókmenntum er ekki óalgengt að sögupersónurnar séu í öllum stærðum og gerðum og einskorðist ekki við einhvert eitt ákveðið form. Þá eru sögupersónurnar gjarnan túlkaðar sem dýrategundir eða einhverskonar yfirnáttúruleg fyrirbæri. Fjölmörg dæmi eru til um slíkar bækur og má þar nefna vinsælar bækur eins og *Stafakarlarinn* (Bergljót Arnalds, 2016) og *Lúllabækurnar* (Löfgren, 1984-2006) en óháð forminu sem sögupersónurnar birtast í þá eru þær nánast undantekningarlaust kynjaskiptar. Það má því ætla að við greiningu á myndbirtum sögupersónum í barnabókum ætti birtingarform

þeirra ekki að skipta máli svo lengi sem þær eru kvenmanns- eða karlmanns hlutverk og því alveg jafn líklegar til þess að ýta undir staðlaðar hugmyndir um kynhlutverkin.

Eðli málsins samkvæmt þá er ekki hægt að túlka kyngervi sögupersóna í myndmáli með eins beinum hætti og í texta. Það er því ekki úr vegi að fara yfir nokkur atriði sem hafa skal í huga við túlkun kynjahlutverka í myndmáli barnabóka. Það fyrsta sem ber að skoða í þessu samhengi er hvort samræmi sé í texta og myndbirtingu, og ef svo er þá ætti að vera hægt að segja til um kyngervið. Einnig er vert að taka eftir ýmiskonar stílbrögðum sem höfundar velja að beita í myndmálinu, til að mynda hvaða litir eru mest áberandi við tiltekna sögupersónur enda hafa litir oft gegnt veigamiklu hlutverki við skilgreiningu kynja og gera enn. Þekktustu litirnir í þeim efnum eru bleikur og blár sem gjarnan eru notaðir til að þekkja muninn á stelpum og drengjum. Sú notkun er til að mynda mjög algeng í Bandaríkjunum, en þar er nýfæddum stúlkubörnum gjarnan vafið í bleik teppi, og drengjum í blá teppi (Mullins, 2015, bls. 24). Ekki verður farið nánar í sögulegan bakgrunn þessarar venju, enda er hún nokkuð vel þekkt leið til að aðgreina kynin með sjónrænum hætti. Þegar áreiðanleg vitneskja um kyngervi sögupersóna barnabókanna liggur fyrir er næsta skref að skoða hvort myndbirtingin ýti undir staðalímyndir kynjanna.

Eins og fram kom í kafla 2.1 þá er hefðbunda staðalímynd kynjanna alla jafna sú hugmynd um að strákar leiki sér með bíla og stelpur með dúkkur (Bluiett, 2018, bls. 39), en það er bara eitt dæmi um staðalímynd kynjanna. Við greiningu á myndmáli bóka þarf því að huga að fleiri atriðum og má þar einna helst nefna afstöðu sögupersónanna í myndmáli. Eru sögupersónurnar virkar eða óvirkar, hvaða sögupersónur eru miðlægar og hverjar eru í jaðarhópi? Sömu reglur gilda einnig um myndbirtingu foreldra en það sem þarf einna helst að hafa í huga varðandi slíkt myndmál er afstaða þeirra gagnvart barninu. Rannsókn sem gerð var á birtingarmynd feðra í barnabókum sem gefnar voru út á árunum 1938 til 2002 sýndi fram á talsverðan mun á þátttöku foreldrana í uppeldinu. Niðurstöðurnar sýndu fram á að sýnileiki feðra var jafn mikil og sýnileiki mæðra, en þegar þátttaka foreldrana í uppeldi barnanna var skoðuð kom í ljós að feður áttu í töluvert minni samskipti við börnin og tóku minni þátt í uppeldinu miðað við mæðurnar (Quinn, 2006, bls. 12-13). Þessar niðurstöður styðja þær forsendur sem settar voru í kafla 2.2 um staðalímyndir og ójafna þátttöku foreldra í lífi barna.

5. Fræði og framkvæmd í leikskólaumhverfinu

Eins og fram hefur komið þá snýr rannsókn þessi að barnabókum og mætti þeirra til þess að ýta undir jafnrétti og/eða staðlaðar hugmyndir um kynin. Það fyrsta sem ágætt er að skoða í þessum kafla hvað það varðar er jafnréttiskennsla og hvernig best er að haga slíkri kennslu. Það er í anda þessarar ritgerðar að byrja á því að skoða námsefnið, eða efniviðinn, sem notað er í jafnréttiskennslu. Í bókinni *Karlmennska og jafnréttisuppeldi* (2004) fjallar Ingólfur Ásgeir Jóhannesson um nokkur viðmið sem kennarar ættu að hafa í huga við val á námsefni í jafnréttiskennslu.

Sú umfjöllun bendir að mörgu leyti til þess að miðað sé við námsumhverfi grunnskólans en margt af þeim viðmiðum sem hann tekur fram má vissulega yfirfæra á leikskólaumhverfið. Í fyrsta lagi ber þar að nefna mikilvægi þess að reglulega fari fram ígrundun á námsefninu, en þar eru kennarar einna helst að athuga hvort námsefnið sé í takt við tímann eða úrelt. Í öðru lagi þurfa kennarar að passa uppá að þeir séu allir á sömu blaðsíðu hvað varðar markmið jafnréttismenntunarinnar. Í þriðja lagi þarf að gera ráð fyrir markmiðum jafnréttiskennslunnar í námskrá skólans. Fjórða og síðasta atriðið sem taka má úr umfjöllun Ingólfs er samvinna kennara og mikilvægi þess að markmið jafnréttiskennslunnar birtist ekki bara á blaði heldur einnig í kennslunni sjálfri (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 134-135).

Samanber niðurstöður úr rannsókn Sólveigar Bjargar Pálsdóttur og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar (2020, bls. bls. 10) sem fram komu í 2 kafla þessarar ritgerðar þá skila sterkar skoðanir og hugsjónir leikskólakennara sér ekki alltaf inní kennsluna og því full ástæða til að fjalla nánar í næsta kafla um þær gryfjur sem allir leikskólakennarar geta dottið í.

5.1 Dulin námskrá

Áður en fjallað verður um svokallaða *dulda námskrá* (e. hidden curriculum) er rétt að gera stuttlega grein fyrir merkingu námskrárhugtaksins. Það er nokkuð ljóst að námskrá og stefna hvers leikskóla á að byggjast á þeim kröfum sem fram koma í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) um að leikskólar eigi að stuðla að almennri menntun barna og miða starfið allt við hag, stöðu og þarfir þeirra. Leikskólakennarar þurfa að miða allt sitt starf við þessar kröfur og vera vakandi fyrir því sem þeir framsetja fyrir nemendur sína (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 10-11), og því mætti segja með nokkuð öruggum hætti að *Aðalnámskrá leikskóla* og námskrá leikskóla séu mikilvægir áttavitar í allri jafnréttiskennslu.

Í greininni “Þögul þekking fær mál - Skólanámskrárgerð í leikskóla“ fjallar Ingveldur Hrönn Björnsdóttir um námskrá útfrá ýmsum hliðum. Þar greinir hún frá árdögum námskrárhreyfingarinnar svokölluðu sem tók að vaxa eftir heimstýrjöldina síðari í Evrópu og Bandaríkjunum. Helsti hvati þessarar hreyfingar var að gera allt skólastarf skilvirkara með því að byggja upp sterkt samhengi á milli markmiða, innihalds, aðferðar, gagnanotkunnar og námsmats (2005, bls. 50). Þar kemur einnig fram að líta megi á námskrá sem kerfisbundna áætlun um viðfangsefni kennslu og hvernig hægt er framkvæma árangursríka kennslu. Hún bendir einnig á að hægt sé að skilgreina námskrá með þrennum hætti, það er *skipulögð námskrá* (e. planned curriculum), *námskrá í framkvæmd*, (e. enacted curriculum) og raunveruleg reynsla af námskrá (e. experienced curriculum).

Þessi flokkun segir sig nokkurnvegin sjálf, námskráin byrjar með skipulagningu, síðan tekur við framkvæmd sem leiðir af sér raunverulegar niðurstöður. Rétt er að staldra aðeins við þessa síðustu skilgreiningu Ingveldar um raunverulega reynslu af námskránni, enda segir hún til um hvort öll skipulagningin og vinnan hafi skilað sér til nemendanna og því að vissu leyti áhugaverðasti hluti námskráarinnar. Það er gömul saga og ný að hlutirnir ganga ekki alltaf eins og þeim var ætlað og hún á svo sannarlega við um leikskólastarfið. Þrátt fyrir öll þau mikilvægu viðmið og áætlanir sem fram koma í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) og skólanámskrá þá er ekki raunhæft að gert sé ráð fyrir öllum þeim félags- og samfélagslegu þáttum sem einkenna hið daglega starf leikskólans. Starfshættir og venjur leikskólakennara eru gjarnan innblásnar af hugmyndum þeirra um

nám og einn stærsti áhrifaþátturinn í þessu samhengi er hin svokallaða dulda námskrá.

Eins og nafnið gefur til kynna er ekki hægt að greina dulda námskrá með beinum hætti en segja má að hún endurspegli andrúmsloft og menningu leikskólans og þegar kemur að því að kenna börnum ásættanleg gildi og venjur er talið að dulin námskrá spili þar stórt hlutverk (Bercnik og Devjak, 2012, bls. 893). Í henni felast ýmsar óskráðar reglur og viðhorf sem kunna að móta leikskólastarfið (Ingveldur Hrönn Björnsdóttir, 2005, bls. 51-52). Vert að taka það fram hér að þrátt fyrir þau miklu áhrif sem dulin námskrá getur haft á skólustarfið þá getur hún verið óútreiknanleg, hún er síbreytileg og þar með er ekki auðvelt að spá fyrir um hvaða afleiðingar hún kann að hafa á nám barna. Samt sem áður má reyna að kortleggja þetta flókna fyrirbæri með því lesa í innviði hennar en samkvæmt Mohammad og Atallah (2017, bls. 37) bendir margt til þess að afleiðingar duldrar námskrár séu oftast en ekki háðar námsefninu og félagslegu umhverfi hvers skóla.

Dulin námskrá er afar vítt hugtak eins og sjá má, og til eru ýmiskonar afbrigði af henni en sú gerð duldrar námskrár sem þessi rannsókn nær til eru leikskólakennarar og hugmyndir þeirra sem liggja að baki námsefnisvali í starfi þeirra með nemendum. Námsefnisvalið sem hér er átt við eru barnabækurnar sem notaðar eru í kennslunni. Í þessari umfjöllun skulum við ímynda okkur barnabækur þar sem litlar sem engar vísbendingar eru um jafnrétti kynjanna, þar sem karlkynið hefur mun meira vægi fram yfir kvenkynið, samanber umfjölluninni í kafla 2.2. Hægt er að skoða slíka námsefnisgerð í leikskólum með tvennum hætti; annars vegar útfrá námsefnisgerðinni og hins vegar útfrá námsefnisvalinu. Hver er helsti hvatinn á bakvið þetta tvennt? Eins og gefur að skilja þá er helsti hvatinn á bakvið gerð barnabóka meira og minna læsistengdir þættir og hvati leikskólakennara væri þá að ýta undir læsi barnanna. Kennarinn velur bækurnar í þeirri trú að þær muni vekja hrifningu og áhuga barnanna sem er nauðsynlegt í allri kennslu.

Augljóslega þá hefur hinn almenni leikskólakennari lítið um það að segja hvernig bækurnar á leikskólanum eru skrifaðar en hann getur stjórnað því hvaða bækur hann ákveður að nota í kennslunni og hvernig. Næst skulum við skoða gerð barnabókanna og hvaða áhrifaþættir kunna að liggja þar að baki. Enn ímyndum við okkur að við séum að vinna með bækur þar sem vægi karlkynsins er mun meira. Staðlaðar hugmyndir um kynin sem drifnar eru

áfram af eðlishyggju og gömlum hefðum eru án efa einn af þessum áhrifaþáttum en það er ágætt að staldra hér við og skoða læsi.

Hér á landi hefur umræða um slakan lesskilning drengja verið nokkuð áberandi eftir að niðurstöður úr lesskilningshluta PISA könnunarinnar komu út árin 2006 og 2015. Samkvæmt þeim átti Ísland heimsmet í kynjamun miðað við hin norðurlöndin þar sem lesskilningur drengja var töluvert slakari en hjá stúlkum (Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson, 2017, bls. 12). Eins og sjá má þá sýna þessar tölur fram á talsverðan mun á námsárangri kynjanna hvað varðar læsi og því ekki ósennilegt að gerð barnabóka hafi einhver áhrif á námsefnisgerð yngstu skólastiganna með þeim hætti að karlkynið verður meira sýnilegt og spennandi til þess að auka áhuga drengja á bókum. Hér koma leikskólakennararnir til sögunnar og þær aðferðir sem þeir nota í kennslu sinni með notkun barnabóka, en meira verður fjallað um það í næsta kafla.

5.2 Kennsluáðferðir og grunnþættir menntunar

Eins og fram kom í kaflanum hér að ofan þá er dulin námskrá mjög flókið hugtak og þar með erfitt að henda reiður á nákvæma skilgreiningu á henni. Ef út í það er farið þá gæti dulin námskrá verið mestaráprófsverkefni eitt og sér, en þó er nokkuð öruggt að hún fyrirfinnst í öllu skólastarfi og er því í vissum skilningi óumflýjanleg. Hún skapar þannig ákveðna kröfu um að leikskólakennarar endurhugsi og ígrundi reglulega kennsluáðferðir sínar.

Kennsluáðferðir leikskólakennara eru að mestum hluta háð markmiðum *Aðalnámskrár leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011), en þó spilar margt inni það hvort, og þá hvernig, markmiðin skila sér til nemenda. Þegar kemur að kennslu þá höfum við komist að því að kennslumarkmið endurspegli ekki alltaf hina raunverulegu kennslustund, en þar er samspil fræða og framkvæmda efst á baugi. Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 15) eru grunnþættir menntunar eftirfarandi: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Hlutverk þeirra er: „...að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því að samfélagið fái vel menntað og heilbriggt fólk, bæði til að taka þátt í samfélagsbreytingum til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum.“ Allt efnisval og inntak náms, kennslu og leiks á að taka mið af grunnþáttunum, ásamt því að starfshættir- og samskipti skóla, sem og skólabragur eiga að endurspegla grunnþættina.

Í þessari ritgerð hefur margt komið fram varðandi leikskólaumhverfið, barnabókmenntir og jafnrétti og með þessi atriði í huga er vert að staldra aðeins við og skoða ýmsar aðferðir við notkun barnabóka í leikskólastarfi, hvað einkennir þær og hvaða aðferðir eru algengari en aðrar. Eins og Ingvar Sigurgeirsson fjallar um (2013, bls. 13) þá er mjög erfitt að segja til um hvort einhver ein kennsluáferð sé betri en önnur. Öll kennsla, hvort sem hún er árangursrík eða ekki, fer eftir samskiptum kennara og nemenda. Slík samskipti geta verið flókin og það þarf oft ekki mikið til að góð kennsla breytist í slæma, hvort sem það er dagsform viðkomandi, eða smávægileg truflun (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 13). Til þess að hámarka líkurnar á góðri kennslu er mikilvægt að undirbúa hana vel og leggja þannig góðann grunn að henni.

Kennsluáferðirnar geta þar af leiðandi verið afar mismunandi og geta skipt miklu máli ef gæði efniviðarins er ekki uppá marga fiska. Efniviðurinn í þessu tilviki eru barnabækurnar sem kennarinn hefur til umráða á sínum leikskóla. Góður kennari ætti að geta beitt sniðugum kennsluáferðum til þess að ýta undir kynjajafnrétti þó svo að bækurnar sem hann hefur til umráða uppfylli ekki þau skilyrði sem fram komu hér að ofan varðandi jafnrétti kynjanna. Hafa ber í huga að leikskólakennarar eru mannlegir og með ólíkar hugsjónir og viðhorf til skólastarfsins, og því geta áherslur þeirra verið mismunandi.

Á leikskólum á Íslandi gefast kennurum ýmis tækifæri til þess að nota barnabókmenntir í kennslu hvort sem það er á skipulögðum tíma vikunnar eður ei. Algengt er að leikskólar séu með skipulagða hópastarfs tíma og samverustundir þar sem börn hittast öll saman eða í hópum með kennurum sínum og þar er kjörið tækifæri fyrir kennara að leggja inn ýmskonar kennsluviðfangsefni með notkun barnabóka. Kennarar geta einnig fundið leiðir til þess að lesa með börnunum á öðrum tímum dagsins sem ekki er hluti af þessum skipulögðu tímum. Sem dæmi má nefna þann tíma dagsins þegar börnin eru nýkominn í leikskólann að morgni dags eða í frjálsum leik. Þessar stundir geta verið afar dýrmætar því hér gefst kennara færi á að ná gæðastund með fáum börnum í einu og lesa með þeim bók. Það er auðvitað misjafnt eftir leikskólum á hvaða tímum dagsins þessar stundir myndast en hvort sem um er að ræða skipulagða tíma eða ekki þá geta þær nýst kennaranum vel í að leggja inn einhverskonar kennsluviðfangsefni eða taka jafnvel á einhverskonar vandamáli innan barnahópsins.

Læsiskennsla er eins og fram hefur komið einn mikilvægasti námsþáttur leikskólastarfsins og sem grunnur að áframhaldandi áhuga barna á

læsistengdum þáttum er notkun barnabóka í kennslu besti kosturinn (Hsiao og Chang, 2016, bls. 1). Notkun samræðna er ein nálgun sem hægt er að styðjast við með notkun barnabóka í leikskólalastarfi. En hafa ber í huga að til að hámarka líkurnar á árangursríkri kennslu er skynsamlegt að barnahópurinn samanstandi af 10 börnum að hámarki. Eins og fram kom í kafla 4.2 þá spilar myndmál bókanna stórt hlutverk og í því samhengi greinir Beltchenko (2016, bls. 150) frá því hvernig hægt er að ýta undir læsi barna útfrá myndmáli í barnabókum. Þar bendir hún á þrjár eftirfarandi spurningar sem gott er að miða við í kennslunni; byrjað er á því að spyrja barnið/börnin um hvað er að gerast á myndinni. Síðan eru þau spurð hvað það er á myndinni sem liggir að baki svarinu. Síðan er haldið áfram með samræðurnar og spurt hvað fleira sé hægt að finna á myndinni (Beltchenko, 2016, bls. 150). Í umfjöllun þessa kafla hefur fræði og framkvæmd leikskólaumhverfisins verið skoðað. Í næsta kafla mun höfundur fara yfir aðferðarfræði og markmið rannsóknarinnar, gagnaöflun, úrvinnslu og ýmis siðferðileg atriði.

6. Aðferð

Í þessari rannsókn var vægi kynjanna í barnabókum á leikskólum greint með svokallaðri *innihaldsgreiningu* (e. content analysis) en sú aðferð hefur gagnast vel við greiningu á ýmsum kennslubókum. Innihaldsgreining getur verið framkvæmd bæði í formi eigindlegrar- og megingdlegrar rannsóknar en það fer alfarið eftir forsendum hverrar rannsóknar fyrir sig. Megingdleg nálgun innihaldsgreiningar felst í talningu og samanburði ákveðinna lykilorða eða nafngreininga í bókatekta (Hsieh, og Shannon, 2005, bls. 1277). Í eigindlegri innihaldsgreiningu er kafað djúpt í texta með það að markmiði að finna vísbendingar um merkinguna sem liggur í textanum. Dæmi um eigindlega innihaldsgreiningu má sjá í grein Azano, Tackett og Sigmon (2017, bls. 1) þar sem markmiðið var að finna leið fyrir kennara að nota barnabækur til þess að auka skilning nemenda sinna á einhverfu. Það sem rannsakendur skoðuðu í bókunum var meðal annars beiting tungumálsins og orðalag.

Grein Kristínar Lindu Jónsdóttur (2011), „Rannsókn á hlutdeild kynjanna í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla“, er aftur á móti dæmi um megingdlega innihaldsgreiningu. Í þeirri skýrslu koma meðal annars fram niðurstöður úr innihaldsgreiningu þar sem 11 sögubækur voru teknar til greiningar. Sögubækurnar, sem ætlaðar voru sögukennslu á miðstigi í grunnskóla, voru greindar með því að skoða hlut kynjanna í máli og myndum. Í fyrsta lagi var talinn heildarfjöldi nafngreindra karla og kvenna. Í öðru lagi kom fram tíðni nafngreininganna, það er að segja hversu oft konurnar og karlarnir koma fram í máli og myndum. Í þriðja lagi var tekinn saman fjöldi þeirra blaðsíðna sem nafngreindar konur og karlar koma fram (Kristín Linda Jónsdóttir, 2011, bls. 6). Í fjórða lagi var skoðuð birtingarmynd kynjanna í myndmáli þar sem tilgangurinn var að skoða þá mynd sem dregin er upp af kynjunum og hvort ákveðnum staðalímyndum um kynin væri ögrað eða viðhaldið (bls. 20). Í rannsókn Kristínar var einnig stuðst við þá gerð innihaldsgreiningar sem kallast orðræðugreining, sem er svipuð þeirri aðferð sem notuð var í rannsókn Azano, Tackett og Sigmon (2017). Tilgangur orðræðugreiningarinnar í rannsókn Kristínar var að finna orð sem ætluð voru til að lýsa jákvæðum og neikvæðum eiginleikum beggja kynja.

6.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Tilgangur þessarar rannsóknar er varpa ljósi á birtingarmynd kynjanna í barnabókum og hvort tenging sé á milli kynjajafnréttis í bókunum og áhersluþátta þátttakenda í notkun barnabóka í leikskólastarfi. Nánari útskýring á áhersluþáttum þátttakenda eru þeir grunnþættir menntunar samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) sem þátttakendur styðjast mest við með notkun barnabókanna í kennslu. Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru settar fram í rannsókninni:

Er munur á vægi kynjanna í barnabókunum?

Er munur á vægi kynjanna í þeim barnabókum sem notaðar eru til að styðja við mismunandi grunnþætti?

Sú tilgáta var sett fram að munur er á vægi kynjanna í barnabókunum sem og vægi kynjanna í þeim barnabókum sem notaðar eru til að styðja við mismunandi grunnþætti.

6.2 Gagnaöflun

Þessi rannsókn er byggð á gögnum sem safnað var í september, október og nóvember árið 2019. Gagnaöflunin fór fram í þremur skrefum. Eftir að hafa fengið öll nauðsynleg leyfi var haft samband við 10 leikskóla Akureyrarbæjar þar sem óskað var eftir þátttakendum í rannsóknina. Til þess að hámarka líkurnar á því að ná inn sem flestum þátttakendum var ákveðið að bíða fram í nóvember eftir lokasvörum frá leikskólunum. Næsta skref var að senda þátttakendum skjal í tölvupósti sem innihélt tvær spurningar sem þeir voru beðnir um að svara. Spurningarnar voru eftirfarandi:

Hvaða þrjá af hinum sex grunnþáttum menntunar leggur þú mesta áherslu á í notkun barnabóka með börnunum? Vinsamlegast raðaðu grunnþáttunum í fyrsta, annað og þriðja sæti.

Hvaða bók/bækur notarðu til þess að efla þessa grunnþætti? Tilgreindu vinsamlegast eina til þrjár bækur þar sem fram kemur titill, ártal og höfundur.

Alls tóku fimm af þeim 10 leikskólum sem haft var samband við þátt í rannsókninni. Heildarfjöldi bókana sem þátttakendur tilgreindu voru 16 bækur en tvær af þeim voru ekki notaðar í rannsókninni þar sem önnur þeirra inniheldur engar nafngreindar sögupersónur né foreldra og var þar af leiðandi ómarktæk. Hin var ófáanleg. Bókafjöldi rannsóknarinnar endaði þar af leiðandi í 14 bókum.

Tafla 6.1 Heildarfjöldi bókana sem þátttakendur tilgreindu

Bók	Höfundur	Höfundur myndmáls	Útgáfuár	Blaðsíður
Fjölskyldan mín	Ásta Valgerðardóttir	Rún Lára Garðarsdóttir	2017	38
Kroppurinn er kraftaverk	Sigrún Daníelsdóttir	Björk Bjarkadóttir	2014	33
Lubbi finnur málbein	Eyrún Þóra Másdóttir	Ísfold og Freydís Kristjánsdóttir	2009	73
Söngvasafn. Ef væri ég söngvari	Ragnheiður Gestsdóttir	Höfundur	2009	97
Góða nótt Einar Áskell	Gunilla Bergström	Höfundur	2014	25
Mía, Moli og Maríus: vandræða-sögur	Alexandra Gunnlaugsdóttir og Fjóla Ósk Aðalsteinsdóttir	Ragnheiður Jónsdóttir	2019	123

Ég vil fisk	Áslaug Jónsdóttir	Höfundur	2007	24
Íslensku húsdýrin og Trölli	Bergljót Arnalds	Jón Hámundur Marinósson	2011	35
Greppikló	Julia Donaldsson	Axel Scheffler	2016	24
Kuggur, nýjir vinir	Sigrún Eldjárn	Höfundur	2004	22
Knúsbókin	Jóna Valborg Árnadóttir	Elsa Nielsen	2014	38
Ástarsaga úr fjöllumum	Guðrún Helgadóttir	Brian Pilkington	2010	24
Sagan af bláa hnettinum	Andri Snær Magnason	Áslaug Jónsdóttir	2003	92
Engan asa, Einar Áskell	Gunilla Bergström	Höfundur	1999	27
Skrímlið litla systir mín	Helga Arnalds	Björk Bjarkadóttir	2013	40

(Framhald)

6.3 Úrvinnsla gagna

Eftir að hafa fengið öll svör frá þátttakendum voru allar tilgreindar bækur flokkaðar eftir áherslum þátttakenda á grunnþættina. Áherslunum í hverjum flokki var raðað eftir höfuðáherslum á einn grunnþátt með

hliðsjón af tveimur öðrum. Í flokki eitt eru bækur þar sem höfuðáhersla er lögð á læsi með hliðsjón af lýðræði og mannréttindi, og jafnrétti. Í flokki tvö eru bækur þar sem höfuðáhersla er lögð á læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og sköpun. Í flokki þrjú eru bækur þar sem höfuðáhersla er lögð á lýðræði og mannréttindi með hliðsjón af sjálfbærni og læsi. Í flokki fjögur eru bækur þar sem höfuðáhersla er lögð á heilbrigði og velferð með hliðsjón af jafnrétti og læsi. Í fimmta og síðasta flokki eru bækur þar sem höfuðáhersla er lögð á læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og lýðræði og mannréttindi.

Tafla 6.2 Barnabækurnar flokkaðar eftir áherslupáttum

	Bókaflokkur	Bækur
1	Læsi Lýðræði og mannréttindi Jafnrétti	Ástarsaga úr fjöllum Sagan af bláa hnettinum Engan asa, Einar Áskell
2	Læsi Heilbrigði og velferð Sköpun	Lubbi finnur málbein Góða nótt, Einar Áskell Söngvasafn. Ef væri ég söngvari
3	Lýðræði og mannréttindi Sjálfbærni Læsi	Íslensku húsdýrin og Trölli Ég vil fisk Fjölskyldan mín
4	Heilbrigði og velferð Jafnrétti Læsi	Kuggur, nýjir vinir Greppkló Knúsbókin Skrímlið litla systir mín
5	Læsi Heilbrigði og velferð Lýðræði og mannréttindi	Fjölskyldan mín Mía, Moli og Mosi: Vandræðasögur Kroppurinn er kraftaverk

Við greiningu á bókunum voru rannsóknarviðfangsefnin tvö; annars vegar nafngreindar sögupersónur og hins vegar ónafngreindir foreldrar. Fyrsta stig greiningarinnar var að greina jafnvægi kynjanna í þessum tveimur hópum í heildarfjölda bókanna og var það gert með tvennum hætti. Annars vegar með mælingu á sýnileika í texta og myndmáli og hins vegar með mælingu á fjölda burðarhlutverka í bókunum.

Við mælingu á sýnileika var byrjað á því að telja til allar nafngreindar sögupersónur eftir kynjum. Næst var tekin saman heildartíðni nafngreindra sögupersóna, bæði í texta og mynd, og í framhaldi af því var tekinn saman fjöldi þeirra blaðsíðna þar sem nafngreining og myndbirting þeirra á sér stað. Eftir þessa mælingu á sýnileika nafngreindra sögupersóna var sýnileiki ónafngreindra foreldra mældur með sama hætti.

Við mælingu á fjölda burðarhlutverka voru teknar saman allar nafngreindar sögupersónur sem koma að minnsta kosti 10 sinnum eða oftar fram í texta og flokkaðar eftir kynjum. Eftir mælingu á fjölda burðarhlutverka nafngreindra sögupersóna var sýnileiki ónafngreindra foreldra mældur með sama hætti. Næsta stig greiningarinnar var að raða þessum tölulegu niðurstöðum eftir kynjum í viðeigandi bókaflokkum, það er áherslur þáttakenda á grunnþættina. Þriðja stig greiningarinnar var að skoða þau orð sem oftast eru notuð til þess að lýsa kynjunum í bókunum. Orðunum var síðan flokkað eftir jákvæðum og neikvæðum lýsingum og borin saman við bókaflokkana. Fjórða og síðasta stig greiningarinnar var að skoða þær myndir sem dregnar eru upp af kynjunum í myndmáli bókanna.

6.4 Siðferðileg atriði

Í þessari rannsókn var unnið með gögn sem fengin voru frá leikskólakennurum Akureyrarbæjar og slíkar rannsóknir krefjast leyfis frá fræðsluviði Akureyrarbæjar. Það er því rétt að taka það fram hér að slíkt leyfi var fengið áður en byrjað var að vinna með fengin gögn. Alls fimm leikskólakennarar tóku þátt í þessari rannsókn. Byrjað var á því að hafa samband við leikskólastjórana þar sem rannsakandi sendi tölvupóst sem innihélt fyrirspurn um þátttöku í rannsókninni.

Þegar áhugi fyrir þátttöku lá fyrir var haft samband við leikskólakennarana og þeim sent skjal með þeim spurningum sem fram hafa komið. Í öllum samskiptum við leikskólastjórana sem og þátttakendur hefur verið lögð áhersla á að tilgangur rannsóknarinnar er ekki með neinum hætti að leggja dóm á kennsluhætti leikskólakennarana né skólans og að nöfn þátttakenda munu hvergi koma fram. Einnig hefur það verið skýrt frá upphafi að í rannsókninni sé fyllsta trúnaðar gætt og að þátttakendum sé ávallt frjálst að hætta þátttöku hvenær sem þeir vilja.

7. Niðurstöður

7.1 Nafngreindar sögupersónur í texta bókanna

Í rannsókninni voru alls 14 bækur teknar til greiningar. Eins og fram kemur í rannsókn Kristínar Lindu Jónsdóttur (2011, bls. 10) þá hafa nafngreiningar sögupersóna mikið vægi í mælingum á sýnileika kynjanna í bókum. Þeir sem nefndir eru á nafn fá óneitanlega meiri vægi en aðrar nafnlausar sögupersónur í bókunum. Kynjajafnréttið var einnig mælt með því að skoða vægi ónafngreindra foreldra í bókunum. Notaðar voru þrjár mismunandi mælingar til þess að mæla sýnileika; í fyrsta lagi fjöldi sögupersóna, í öðru lagi heildartíðni þeirra skipta sem sögupersónur koma fram og í þriðja lagi fjöldi blaðsíðna þar sem sögupersónur koma fram.

Byrjað var á því að skrá fjölda nafngreindra sögupersóna ásamt heildartíðni nafngreininganna í hverri bók fyrir sig. Við lok talningar kom fram að nafngreindir einstaklingar í bókunum eru alls 178 og skiptist sá fjöldi í 64 kvenkyns sögupersónur og 114 karlkyns sögupersónur. Við greiningu á heildartíðni, eða hversu oft nafngreindar sögupersónur koma fram í bókunum, kemur karlkynið fram í texta alls 1060 sinnum á meðan kvenkynið kemur fram 569 sinnum. Karlkynið kemur þar með fram í 65,1% tilvika á meðan kvenkynið kemur fram í 34,9% tilvika. Úr þessum tveimur mælingum samanlagt þá er vægi kvenkyns sögupersóna rúm 35%.

Tafla 7.1 Fjöldi og tíðni nafngreindra sögupersóna í heildarfjölda bókanna

Nafn bókar	Nafngr. einstakl. KVK	Nafngr. einstakl. KK	Tíðni nafngr. KVK	Tíðni nafngr. KK
Söngvasafn. Ef væri ég söngvari	11	29	27	70
Lubbi finnur málbein	32	52	56	95
Fjölskyldan mín	7	4	24	28
Vandræðasögur	3	2	108	212
Ég vil fisk	1	0	16	0
Íslensku húsdýrin og Trölli	0	1	0	17
Kuggur, nýjir vinir	1	2	18	30
Greppikló	1	0	26	0
Knúsbókin	1	0	41	0
Ástarsaga úr fjöllunum	1	8	7	23
Sagan af bláa hnettinum	5	13	243	524
Engan asa, Einar Áskell	1	1	3	11
Góða nótt, Einar Áskell	0	1	0	23
Skrímlið litla	0	1	0	27
Kroppurinn er kraftaverk	0	0	0	0

Samtals:	64	114	569	1060
Konur og karlar samtals:		178		1629

(Framhald)

Enn má sjá vísbendingar um ójafnvægi í sýnileika kynjanna þegar skoðaður er fjöldi blaðsíðna þar sem nafngreindar sögupersónur koma fram í texta. Niðurstöður þeirrar greiningar leiddu í ljós að nafngreindar sögupersónur koma fram í texta á alls 669 blaðsíðum, þar sem kvenkynið kemur fram á 259 blaðsíðum og karlkynið á 410 blaðsíðum. Þar af leiðandi kemur karlkynið fram á 61,1% blaðsíðna og kvenkynið á 38,7% blaðsíðna. Þessi talning segir okkur ekki bara á hversu mörgum blaðsíðum kynin koma fram, heldur einnig á hve mörgum blaðsíðum kynin eru fjarverandi og ef við skoðum tölurnar í þessu samhengi þá sjáum við að kvenkynið er fjarverandi á 456 blaðsíðum af 715. Þessar tölur segja okkur fyrst og fremst að kvenkyns sögupersónur koma hvergi fram á 64,4% blaðsíðna í þeim barnabókum sem leikskólakennarar sögðust nota reglulega í kennslu sinni.

Tafla 7.2 Fjöldi blaðsíðna með nafngreiningum kynjanna eftir bókum

Nafn bókar	Fjöldi bls. með nafngr. KVK	Fjöldi bls. með nafngr. KK
Söngvasafn. Ef væri ég söngvari	8	18
Lubbi finnur málbein	29	36
Fjölskyldan mín	15	21
Vandræðasögur	55	50
Ég vil fisk	15	0
Íslensku húsdýrin og Trölli	0	13
Greppikló	14	0

Kuggur. Nýjir vinir	10	16
Knúsbókin	23	0
Ástarsaga úr fjöllum	7	3
Sagan af bláa hnettinum	70	85
Engan asa, Einar Áskell	3	11
Góða nótt, Einar Áskell	0	11
Skrímlið litla systir mín	0	19
Samtals:	259	410
Konur og karlar samtals:		669

(Framhald)

7.2 Ónafngreindir foreldrar í bókunum

Stór hluti af barnabókmenntum eru sögupersónur sem eiga að tákna ákveðið öryggi og/eða yfirvald annarra sögupersóna. Þessar sögupersónur eru oftast en ekki foreldrar eða einhverskonar umönnunaraðilar og því voru ónafngreindir foreldrar teknir til greiningar í rannsókninni. Að lokinni greiningu á nafngreindum sögupersónum var sýnileiki foreldranna mældur útfrá sömu þáttum, það er að segja fjölda nafngreininga, tíðni og fjölda blaðsíðna. Byrjað var á að skrá fjölda og tíðni mæðra og feðra í hverri bók fyrir sig. Alls er að finna 49 foreldra í bókunum og skiptist sá fjöldi í 26 mæður og 23 feður. Við greiningu á heildartíðni, eða hversu oft mæður og feður koma fram í texta bókanna, koma mæðurnar alls 116 sinnum fram í texta og feðurnir 102 sinnum. Hér má glögglega sjá að sýnileiki foreldra er nokkuð jafn, en öfugt við mælingar á nafngreindum sögupersónum þá er kvenkynið, eða mæðurnar, hér í meirihluta í báðum mælingum. Samanlagt þá koma mæðurnar fram í 53,2% tilvika.

Tafla 7.3 Fjöldi og tíðni ónafngreindra foreldra í heildartexta bókanna

Nafn bókar	Mamma Fjöldi	Pabbi Fjöldi	Mamma Tíðni	Pabbi Tíðni
Söngvasafn. Ef væri ég söngvari	13	7	22	12
Lubbi finnur málbein	3	3	3	3
Fjölskyldan mín	4	4	7	6
Vandræðasögur	1	1	2	1
Ég vil fisk	1	1	16	8
Íslensku húsdýrin og Tröll	1	1	5	6
Kuggur, nýjir vinir	1	0	13	0
Greppikló	0	0	0	0
Knúsbókin	1	1	27	2
Ástarsaga úr fjöllumunum	0	2	0	12
Sagan af bláa hnettinum	0	0	0	0
Engan asa, Einar Áskell	0	1	0	12
Góða nótt, Einar Áskell	0	1	0	27
Skrímlið litla	1	1	21	13
Kroppurinn er kraftaverk	0	0	0	0
Samtals:	26	23	116	102

Mæður og feður
samtals:

49

218

(Framhald)

Af þeim 130 blaðsíðum sem foreldrar koma fram í texta koma mæður fram á 67 blaðsíðum, eða á um 52% blaðsíðna. Sýnileiki foreldra er einnig nokkuð jafn þegar skoðaðar eru blaðsíðurnar þar sem mæður og feður eru fjarverandi en þar má sjá að mæður eru fjarverandi á 90,6% af heildar blaðsíðufjölda bókanna og feðurnir á 91,2 %. Það sem þessar tölur gefa fyrst og fremst til kynna er að foreldrahlutverkin í bókunum eru fremur sjaldséð en eru þó nokkuð jöfn hvað sýnileika varðar.

Tafla 7.4 Fjöldi blaðsíðna þar sem mæður og feður koma fram í texta

Nafn bókar	Fjöldi bls. Mæður	Fjöldi bls. Feður
Söngvasafn. Ef væri ég söngvari	13	5
Lubbi finnur málbein	3	3
Fjölskyldan mín	6	5
Vandræðasögur	1	1
Ég vil fisk	15	8
Íslensku húsdýrin og Trölli	4	4
Greppikló	0	0
Kuggur. Nýjir vinir	9	0
Knúsbókin	16	2
Ástarsaga úr fjöllumum	0	5

Sagan af bláa hnettinum	0	0
Engan asa, Einar Áskell	0	9
Góða nótt, Einar Áskell	0	11
Skrímlið litla systir mín	12	10
Samtals:	67	63
Konur og karlar samtals:		130

(Framhald)

7.3 Nafngreindar sögupersónur í bókatekta eftir flokkum

Hér verða niðurstöður úr greiningu á nafngreindum sögupersónum bornar saman við áherslur leikskólakennarana á grunnþætti menntunar. Fjallað verður um það kyn sem mældist með lægstu prósentutöluna í hverri mælingu. Í flokki eitt þar sem aðaláhersla þátttakanda er á grunnþáttinn læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og sköpun, eru alls 125 nafngreindar sögupersónur í bókunum. Þar af eru 43 kvenkyns sögupersónur, eða 34,4% af heildarfjölda nafngreindra sögupersóna í þessum flokki. Kvenkynið kemur alls 83 sinnum fram í texta bókanna, eða 30,6% af heildartíðni nafngreininga í þessum flokki. Nafngreindar sögupersónur í þessum bókaflakki koma fram á alls 101 blaðsíðu. Þar af er kvenkynið nafngreint á alls 37 blaðsíðum eða 36,6% af heildar blaðsíðufjölda og því í svipuðum minnihluta og í mælingum á heildartekta bókanna hér að ofan. Karlkynið er því auðsjáanlega í meirihluta í öllum þremur mælingum og er sýnileiki karlkynsins í þessum flokki alls 66,1%.

Í flokki tvö þar sem aðaláhersla þátttakanda er á grunnþáttinn læsi með hliðsjón af lýðræði og mannréttindum, og jafnrétti eru alls 29 nafngreindar

sögupersónur í bókunum. Þar af eru sjö kvenkyns sögupersónur, eða 24,1% af heildarfjölda nafngreindra sögupersóna í þessum flokki. Kvenkynið kemur alls 253 sinnum fram í texta bókanna eða 31,2% af heildartíðni nafngreindra sögupersóna í þessum flokki. Nafngreindar sögupersónur í þessum bókafllokki koma fram á alls 255 blaðsíðum. Þar af er kvenkynið nafngreint á alls 83 blaðsíðum eða 32,5% af heildar blaðsíðufjölda. Þegar tölurnar úr öllum þremur mælingunum eru teknar saman kemur í ljós að karlkynið er í meirihluta eða alls 70,7%.

Í flokki þrjú þar sem aðaláhersla þátttakanda er á lýðræði og mannréttindi með hliðsjón af sjálfbærni og læsi eru alls 13 nafngreindar sögupersónur í bókunum. Þar af eru fimm karlkyns sögupersónur, eða 38,5% af heildarfjölda nafngreindra sögupersóna í þessum flokki. Kvenkynið kemur alls 40 sinnum fram í texta bókanna eða 47,1% af heildartíðni nafngreindra sögupersóna. Nafngreindar sögupersónur koma fram á alls 74 blaðsíðum og er hlutfall kynjanna í þeirri mælingu hnífjafnt þar sem bæði kynin koma fram á 37 blaðsíðum. Þessar niðurstöður gefa til kynna að heildarhlutfall sýnileika kynjanna í þessum flokki sé nokkuð jafnt eða 49,4% hjá kvenkyni og 50,6% hjá karlkyni.

Í flokki fjögur þar sem aðaláhersla þátttakanda er á heilbrigði og velferð með hliðsjón af jafnrétti og læsi eru kynin jafnmörg, eða þrjú kvenkyn og þrjú karlkyn. Karlkynið kemur alls 57 sinnum fram í texta bókanna eða 40% af heildartíðni nafngreindra sögupersóna. Nafngreindar sögupersónur koma fram á alls 84 blaðsíðum, þar af koma karlkyns sögupersónur fram á 37 blaðsíðum, eða 44% af heildar blaðsíðufjölda. Í þessum flokki er heildar sýnileiki kvenkyns sögupersóna í meirihluta, eða 58,2%.

Í fimmta og síðasta flokknum er aðaláhersla þátttakanda á grunnþáttinn læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og lýðræði og mannréttindum. Þar eru alls 16 nafngreindar sögupersónur í bókunum sem skiptast í 10 kvenkyn og sex karlkyn. Sýnileiki karlkynsins er því hér í minnihluta, eða um 38%. Kvenkynið kemur alls 132 sinnum fram í texta bókanna eða um 35% af heildartíðni nafngreindra sögupersóna í þessum flokki. Nafngreindar sögupersónur í þessum bókafllokki koma fram á alls 201 blaðsíðu. Þar af er kvenkynið nafngreint á alls 77 blaðsíðum eða 38,3% af heildar blaðsíðufjölda. Þegar tölurnar úr öllum þremur mælingum eru teknar saman kemur í ljós að karlkynið er í meirihluta með alls 62,8% sýnileika.

Tafla 7.5 Fjöldi nafngreindra sögupersóna eftir bókaflokkum ásamt tíðni og fjölda blaðsíðna þar sem sögupersónurnar koma fram

	1	2	3	4	5
Bóka- flokkur	Læsi Heilbr. o.v Sköpun Jafnrétti	Læsi Lýðræði o.m Jafnrétti	Lýðræði o.m. Sjálfbærni Læsi	Heilbr. o.v Jafnrétti Læsi	Læsi Heilbr. o.v Lýðræði o. m
Nafngr. KVK	43 (34,4%)	7 (24,1%)	8 (62%)	3 (50%)	10 (63%)
Nafngr. KK	82 (65,6%)	22 (75,9%)	5 (38%)	3 (50%)	6 (37%)
H: Tíðni nafngr. KVK	83 (30,6%)	253 (31,2%)	40 (47,1%)	85 (59,9%)	132 (35,5%)
H: Tíðni nafngr. KK	188 (69,4%)	558 (68,8%)	45 (52,9%)	57 (40,1%)	240 (64,5%)
Bls. KVK	37 (36,6%)	83 (32,5%)	37 (50%)	47 (60%)	77 (38,3%)
Bls. KK	64 (63,4%)	172 (67,5%)	37 (50%)	37 (40%)	124 (61,7%)

Eins og í öllum bókmenntum þá innihalda flestar barnabækur einhver burðarhlutverk þar sem ein eða fleiri sögupersónur eru sýnilegri en aðrar, hvort sem það er í myndmáli eða texta. Við skilgreiningu á burðarhlutverkum bókanna var stuðst við nokkuð einfalda nálgun, líkt og Kristín Linda Jónsdóttir (2011) gerir í sinni rannsókn þar sem nafngreindar sögupersónur sem koma 10 sinnum eða oftar fram í texta voru flokkaðar sem sögupersónur í burðarhlutverki, enda fá þær töluvert meiri sýnileika en aðrar sögupersónur í bókunum.

Í töflunni hér að neðan má sjá burðarhlutverk í tilgreindum barnabókum sem eru alls 21, þar af sjö kvenkyns og 14 karlkyns. Í fjórum af fimm

bókaflokkum eru karlkyns sögupersónur í meirihluta þegar kemur að burðarhlutverkum. Eini bókaflokkurinn þar sem kvenkynið er í meirihluta er flokkur fjögur, þar sem aðaláhersla þátttakanda er á heilbrigði og velferð með hliðsjón af jafnrétti og læsi. Í þeim flokki eru alls fimm burðarhlutverk í bókunum, þar af eru þrjú, eða 60% kvenkyns burðarhlutverk og tvö, eða 40% karlkyns burðarhlutverk. Þetta hlutfall setur bókaflokkinn jafnframt í fyrsta sæti yfir mesta jafnvægi kynjanna í burðarhlutverkum bókanna.

Mesta ójafnvægið í þessari mælingu er að finna í flokki eitt þar sem aðaláhersla þátttakanda er á læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og sköpun. Þar eru burðarhlutverkin alls tvö sem bæði eru karlkyns. Þar á eftir kemur flokkur fimm, þar sem aðaláhersla þátttakanda er á læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og lýðræði og mannréttindi, með alls fjögur burðarhlutverk, þar af eru þrjú karlkyns burðarhlutverk, eða 75% á móti einu kvenkyns, eða 25%. Í flokki tvö, þar sem aðaláhersla þátttakanda er á læsi með hliðsjón af lýðræði og mannréttindum, og jafnrétti, eru burðarhlutverkin alls sjö, þar af tvö kvenkyns, eða 29% og fimm karlkyns, eða 71%. Í flokki þrjú þar sem aðaláhersla þátttakanda er á lýðræði og mannréttindi með hliðsjón af sjálfbærni og læsi eru burðarhlutverkin alls þrjú, þar af eitt, eða 33,3% kvenkyns og tvö, eða 66,6% karlkyns.

Tafla 7.6 Fjöldi nafngreindra kvenna og karla í burðarhlutverkum eftir bókaflokkum

	Bókaflokkur	Konur	Karlar
1	Læsi Heilbrigði og velferð Sköpun	0 (0%)	2 (100%)
2	Læsi Lýðræði og mannréttindi Jafnrétti	2 (29%)	5 (71%)
3	Lýðræði og mannréttindi Sjálfbærni Læsi	1 (33,3%)	2 (66,6%)
4	Heilbrigði og velferð Jafnrétti Læsi	3 (40%)	2 (60%)
5	Læsi Heilbrigði og velferð Lýðræði og mannréttindi	1 (25%)	3 (75%)
	Samtals	7	14

7.4 Ónafngreindir foreldrar í bókatexta eftir bókaflokkum

Hér verða niðurstöður úr greiningu á ónafngreindum foreldrum bornar saman við áherslur leikskólakennarana á grunnþætti menntunar. Fjallað verður um það foreldri sem mældist með lægstu prósentutöluna í hverri mælingu. Í flokki eitt koma alls 30 ónafngreindir foreldrar fram í texta bókanna, þar af eru 11 feður eða 37% af heildarfjölda ónafngreindra foreldra í þessum flokki. Mæðurnar koma alls 26 sinnum fram í texta bókanna, eða 38,2% af heildartíðni

nafngreininga í þessum flokki. Foreldrar koma fram á alls 35 blaðsíðum og þar af eru mæður á 16 blaðsíðum eða 45,7% af heildar blaðsíðufjölda í þessum flokki. Þegar niðurstöður þessara þriggja mælinga eru lagðar saman kemur í ljós að sýnileiki mæðra er í minnihluta eða 45,9%.

Í flokki tvö koma einungis þrír ónafngreindir feður og engar mæður fram í texta bókanna og því er hlutfall feðra í þeim flokki alls 100%. Í flokki þrjú skiptist fjöldi mæðra og feðra jafnt með alls 12 foreldra í bókunum, sex mæður og sex feður. Feðurnir koma alls 14 sinnum fyrir í texta bókanna eða 33,3% af heildartíðninni. Af 38 blaðsíðum koma feður fram á 13 blaðsíðum, eða 34,2%. Í þessum flokki er sýnileiki feðra í minnihluta eða 35,9%. Í flokki fjögur birtast alls fimm foreldrar í bókunum, þrjár mæður og tveir feður. Feðurnir koma alls 15 sinnum fram í texta bókanna, eða 19,7% af heildartíðninni. Jafnframt koma mæður fram á alls 12 blaðsíðum, eða 24,5%. Í þessum flokki er heildar sýnileiki feðra í minnihluta eða 22,3%. Í fimmta og síðasta flokknum eru foreldrahlutverkin jafn mörg, fimm mæður og fimm feður. Kvenkynið kemur alls sjö sinnum fram í texta bókanna eða 43,8% af heildartíðninni. Jafnframt koma feður fram á alls sex blaðsíðum eða 46,2%. Í þessum flokki er heildar sýnileiki feðra í minnihluta, eða 46,2%.

Tafla 7.7 Fjöldi ónafngreindra foreldra í bókatexta eftir bókaflokkum ásamt tíðni og fjölda blaðsíðna þar sem þeir koma fram

	1	2	3	4	5
Bóka- flokkur	Læsi Heilbr. o.v Sköpun Jafnrétti	Læsi Lýðræði o.m Jafnrétti	Lýðræði o.m. Sjálfbærni Læsi	Heilbr. o.v Jafnrétti Læsi	Læsi Heilbr. o.v Lýðræði o. m
Fjöldi: Mæður	19 (63%)	0 (0%)	6 (50%)	3 (60%)	5 (50%)
Fjöldi: Feður	11 (37%)	3 (100%)	6 (50%)	2 (40%)	5 (50%)
H: Tíðni Mæður	26 (38,2%)	0 (0%)	28 (66,6%)	61 (80,3%)	9 (56,2%)
H: Tíðni Feður	42 (61,8%)	24 (100%)	14 (33,3%)	15 (19,7%)	7 (43,8%)
Bls: Mæður	16 (45,7%)	0 (0%)	25 (65,8%)	37 (75,5%)	7 (53,8%)
Bls: Feður	19 (54,3%)	14 (100%)	13 (34,2%)	12 (24,5%)	6 (46,2%)

Í heildarfjölda barnabókanna eru 10 foreldrar í burðarhlutverkum, þar af fimm mæður og fimm feður. Heilt yfir er skipting mæðra og feðra í flokkunum nokkuð jöfn, mæður eru í meirihluta í tveimur flokkum, feður í meirihluta í tveimur flokkum og hvorki mæður né feður í einum flokki. Mesta ójafnvægið í sýnileika foreldra er að finna í flokki tvö með tvo feður í burðarhlutverki og engar mæður en á móti er flokkur þrjú með eina móður í burðarhlutverki og enga feður. Þar á eftir er flokkur fjögur þar sem feður eru í minnihluta með einn föður í burðarhlutverki, 25% á móti þremur mæðrum, 75%. Mesta jafnvægið í sýnileika foreldra er flokkur eitt með eina móður á móti tveimur

feðrum. Þegar teknar eru saman tölur úr mælingum á sýnileika foreldrana hér að ofan þá mælist ójafnvægi í birtingarmynd kynjanna mest í bókaflokki tvö og fjögur. Niðurstöður úr flokki tvö sýna augljóslega fram á mesta ójafnvægið, enda engar mæður þar sjáanlegar. En þar á eftir, í flokki fjögur, er sýnileiki feðra hvað minnstur eða alls 22,3%.

Tafla 7.8 Fjöldi mæðra og feðra í burðarhlutverkum eftir bókaflokkum

	Bókaflokkur	Mæður	Feður
1	Læsi Heilbrigði og velferð Sköpun	1 (33,3%)	2 (66,6%)
2	Læsi Lýðræði og mannréttindi Jafnrétti	0 (0%)	2 (100%)
3	Lýðræði og mannréttindi Sjálfbærni Læsi	1 (100%)	0 (0%)
4	Heilbrigði og velferð Jafnrétti Læsi	3 (75%)	1 (25%)
5	Læsi Heilbrigði og velferð Lýðræði og mannréttindi	0 (0%)	0 (0%)
	Samtals	5	5

7.5 Nafngreindar sögupersónur í myndmáli

Höfundar barnabóka geta ekki einungis notað orð til þess að draga upp ýmsar myndir af kynjunum heldur einnig með myndbirtingunni sjálfri. Myndbirting sögupersóna getur endurspeglað alls kyns fyrirfram ákveðnar hugmyndir um kynin og þannig má færa rök fyrir því að myndir í barnabókum, og þá sérstaklega þeim sem ætlaðar eru leikskólabörnum, skipti jafn miklu máli og textinn. Við greiningu á bókunum var myndbirting sögupersóna tekin til skoðunar og náði hún einungis til þeirra sögupersóna sem nafngreindar eru í texta og mátti þannig tengja með óyggjandi hætti við myndbirtingu. Líkt og í köflunum hér að ofan þá var sýnileiki nafngreindra sögupersóna mældur ú frá fjölda, tíðni og blaðsíðufjölda myndbirtinga. Niðurstöður birtast eftir áherslum þátttakenda á grunnþætti menntunar skv. *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Í heildarfjölda þeirra bóka sem þátttakendur tilgreindu eru alls 52 kvenkyns sögupersónur og 68 karlkyns sögupersónur sýnilegar í myndmáli. Þegar kemur að tíðni myndbirtinga sem og blaðsíðufjölda með myndbirtingum þá er kvenkynið sýnilegt í um 42% tilvika.

Í bókafllokki eitt, þar sem aðaláhersla þátttakanda er á grunnþáttinn læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og sköpun, koma alls 69 nafngreindar sögupersónur fram í myndmáli bókanna. Þar af eru 27 kvenkyn, eða 39,1% af heildarfjölda í þessum flokki. Kvenkynið kemur alls 33 sinnum fram í myndmáli bókanna, eða 23,6% af heildartíðni myndbirtinga í þessum flokki. Í myndmáli koma kvenkyns sögupersónur fram á 29% af blaðsíðufjölda bókanna. Meðal sýnileiki karlkyns sögupersóna í bókafllokki eitt er 71,3% og eru þeir því í miklum meirihluta.

Í bókafllokki tvö, þar sem aðaláhersla þátttakanda er á grunnþáttinn læsi með hliðsjón af lýðræði og mannréttindum, og jafnrétti koma alls 16 nafngreindar sögupersónur fram í myndmáli bókanna. Þar af eru fjögur kvenkyn, eða 25% af heildarfjölda í þessum flokki. Kvenkynið kemur alls 25 sinnum fram í myndmáli bókanna, eða 35,7% af heildartíðni myndbirtinga í þessum flokki. Í myndmáli koma kvenkyns sögupersónur fram á 34% af blaðsíðufjölda bókanna. Meðal sýnileiki karlkyns sögupersóna í bókafllokki tvö er 68,4% og eru þeir því í meirihluta.

Í bókafllokki þrjú, þar sem aðaláhersla þátttakanda er á grunnþáttinn lýðræði og mannréttindi með hliðsjón af sjálfbærni og læsi koma alls 13 nafngreindar sögupersónur fram í myndmáli bókanna. Þar af eru fimm karlkyn, eða 39% af

heildarfjöldi í þessum flokki. Karlkynið kemur alls 43 sinnum fram í myndmáli bókana, eða 47,3% af heildartíðni myndbirtinga í þessum flokki. Í myndmáli koma karlkyns sögupersónur fram á 46% af blaðsíðufjölda bókana. Meðal sýnileiki kvenkyns sögupersóna í bókafllokki þrjú er 56,3% og eru þær því í tæpum meirihluta.

Í bókafllokki fjögur, þar sem aðaláhersla þátttakanda er á grunnþáttinn heilbrigði og velferð með hliðsjón af jafnrétti og læsi koma alls sex nafngreindar sögupersónur fram í myndmáli bókana. Þar af eru kynin jafn mörg eða þrjú kvenkyn og þrjú karlkyn af heildarfjölda í þessum flokki. Karlkynið kemur alls 37 sinnum fram í myndmáli bókana, eða 46,8% af heildartíðni myndbirtinga í þessum flokki. Í myndmáli koma karlkyns sögupersónur fram á 47% af blaðsíðufjölda bókana. Meðal sýnileiki kvenkyns sögupersóna í bókafllokki fjögur er 52,1% og eru þær því í tæpum meirihluta.

Í bókafllokki fimm, þar sem aðaláhersla þátttakanda er á grunnþáttinn læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og lýðræði og mannréttindum koma alls 16 nafngreindar sögupersónur fram í myndmáli bókana. Þar af eru sex karlkyn, eða 38% af heildarfjölda í þessum flokki. Kvenkynið kemur alls 124 sinnum fram í myndmáli bókana, eða 45,3% af heildartíðni myndbirtinga í þessum flokki. Í myndmáli koma kvenkyns sögupersónur fram á 46% af blaðsíðufjölda bókana. Meðal sýnileiki kvenkyns sögupersóna í bókafllokki fimm er 51,4% og eru þær því í tæpum meirihluta.

Tafla 7.9 Fjöldi nafngreindra sögupersóna í myndmáli eftir bókaflokkum ásamt tíðni og fjölda blaðsíðna þar sem þær koma fram

	1	2	3	4	5
Bóka-flokkur	Læsi Heilbr. o.v Sköpun	Læsi Lýðræði o.m Jafnrétti	Lýðræði o.m. Sjálfbærni Læsi	Heilbr. o.v Jafnrétti Læsi	Læsi Heilbr. o.v Lýðræði o. m
Fjöldi KVK	27 (39,1%)	4 (25%)	8 (62%)	3 (50%)	10 (63%)
Fjöldi KK	42 (66,6%)	12 (75%)	5 (39%)	3 (50%)	6 (38%)
H: Tíðni KVK	33 (23,6%)	25 (35,7%)	48 (52,7%)	42 (53,2%)	124 (45,3%)
H: Tíðni KK	107 (76,4%)	45 (64,3%)	43 (47,3%)	37 (46,8%)	150 (54,7%)
Bls. KVK	29%	34%	54%	53%	46%
Bls. KK	71%	66%	46%	47%	54%

7.6 Foreldrar í myndmáli

Hér verða niðurstöður úr greiningu á ónafngreindum foreldrum bornar saman við áherslur leikskólakennarana á grunnþætti menntunar. Fjallað verður um það foreldri sem mældist með lægstu prósentutöluna í hverri mælingu. Í heildarfjölda þeirra bóka sem þátttakendur tilgreindu eru alls 13 mæður og 16 feður sýnilegir í myndmáli. Þegar kemur að tíðni myndbirtinga sem og blaðsíðufjölda með myndbirtingum þá eru mæður sýnilegar í um 42% tilvika.

Í flokki eitt, þar sem aðaláhersla þátttakanda er á grunnþáttinn læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og sköpun, koma alls sex ónafngreindir

foreldrar fram í myndmáli bókanna. Þar af eru tvær mæður, eða 33,3% af heildarfjölda foreldra í þessum flokki. Mæður koma alls tvisvar sinnum fram í myndmáli bókanna, eða 14,3% af heildartíðni myndbirtinga í þessum flokki. Í myndmáli koma mæður fram á 36% af heildar blaðsíðufjölda bókanna. Meðal sýnileiki feðra í bókaflakki eitt er 72,1% og eru þeir því í meirihluta.

Í flokki tvö þar sem aðaláhersla þáttakanda er á grunnþáttinn læsi með hliðsjón af lýðræði og mannréttindum, og jafnrétti koma alls þrjár ónafngreindir foreldrar fram í myndmáli bókanna. Þar af eru engar mæður og þrjár feður af heildarfjölda foreldra í þessum flokki og því eru feður eina sjáanlega foreldrið á þeim blaðsíðum sem foreldrar koma fram og koma alls 11 sinnum fram í myndmáli bókanna.

Í flokki þrjú þar sem aðaláhersla þáttakanda er á grunnþáttinn lýðræði og mannréttindi með hliðsjón af sjálfbærni og læsi koma alls 10 ónafngreindir foreldrar fram í myndmáli bókanna. Þar af eru fjórar mæður, eða 40% af heildarfjölda foreldra í þessum flokki. Feður koma alls 10 sinnum fram í myndmáli bókanna, eða 47,6% af heildartíðni myndbirtinga í þessum flokki. Í myndmáli koma mæður fram á 43% af heildar blaðsíðufjölda bókanna. Meðal sýnileiki feðra í bókaflakki þrjú er 54,9% og eru þeir því í tæpum meirihluta.

Í flokki fjögur þar sem aðaláhersla þáttakanda er á grunnþáttinn heilbrigði og velferð með hliðsjón af jafnrétti og læsi koma alls fjórir ónafngreindir foreldrar fram í myndmáli bókanna. Þar af er einn faðir, eða 25% af heildarfjölda foreldra í þessum flokki. Feður koma alls fimm sinnum fram í myndmáli bókanna, eða 21,7% af heildartíðni myndbirtinga í þessum flokki. Í myndmáli koma feður fram á 12% af heildar blaðsíðufjölda bókanna. Meðal sýnileiki mæðra í bókaflakki eitt er 80,4% og eru þær því í miklum meirihluta.

Í flokki fimm þar sem aðaláhersla þáttakanda er á grunnþáttinn læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og lýðræði og mannréttindi koma alls sex ónafngreindir foreldrar fram í myndmáli bókanna. Þar af eru tveir feður, eða 33,3% af heildarfjölda foreldra í þessum flokki. Feður koma alls þrisvar sinnum fram í myndmáli bókanna, eða 33,3% af heildartíðni myndbirtinga í þessum flokki. Í myndmáli koma mæður fram á 45% af heildar blaðsíðufjölda bókanna. Meðal sýnileiki mæðra í þessum bókaflakki fimm er 59,4% og eru þær því í tæpum meirihluta.

Tafla 7.10 Fjöldi mæðra og feðra í myndmáli eftir bókaflokkum ásamt tíðni og fjölda blaðsíðna þar sem þau koma fram

	1	2	3	4	5
Bóka- flokkur	Læsi Heilbr. o.v Sköpun	Læsi Lýðræði o.m Jafnrétti	Lýðræði o.m. Sjálfbærni Læsi	Heilbr. o.v Jafnrétti Læsi	Læsi Heilbr. o.v Lýðræði o. m
Fjöldi Mæður	2 (33,3%)	0 (0%)	4 (40%)	3 (75%)	4 (66,6%)
Fjöldi Feður	4 (66,6%)	3 (100%)	6 (60%)	1 (25%)	2 (33,3%)
H: Tíðni Mæður	2 (14,3%)	0 (0%)	11 (52,4%)	18 (78,3%)	6 (66,6%)
H: Tíðni Feður	12 (85,7%)	11 (100%)	10 (47,6%)	5 (21,7%)	3 (33,3%)
Bls. Mæður	36%	0%	43%	88%	45%
Bls. Feður	64%	100%	57%	12%	55%

7.7 Lýsingarorð yfir nafngreindar sögupersónur

Næsti liður í niðurstöðum úr greiningu bókana sem hér verður greint frá er orðanotkun yfir nafngreindar sögupersónur í tilgreindum bókum þátttakenda. Hingað til hafa komið fram niðurstöður úr mælingum á sýnileika kynjanna í bókunum en þegar mæla á birtingarmynd jafnréttis í barnabókum dugir sýnileikinn ekki einn og sér sem mælieining. Það sem skiptir líka máli er það sem felst í sýnileikanum. Hvaða skilaboð um kynin eru send lesendum og hvernig eru þau send? Ein leið til að mæla það eru orðin sem höfundar kjósa

að nota yfir sögupersónurnar. Eins og Kristín Linda (2011, bls. 21) tekur fram í sínum niðurstöðum þá hefur orðanotkunin í bókunum það í för með sér að draga fram það ákjósanlega og eftirsóknarverða í fari sögupersóna.

Alls eru 121 orð notuð til að lýsa karlkyns sögupersónum, og 53 orð notuð til að lýsa kvenkyns sögupersónum á jákvæðan og neikvæðan hátt. Orðin sem notuð eru til að lýsa nafngreindum sögupersónum voru flokkuð í eftirfarandi fjóra flokka: orð sem lýsa vitsmunum, orð sem lýsa eiginleikum, orð sem lýsa útlitseinkennum, og orð sem lýsa andlegu- eða tilfinningalegu ástandi. Ástæða þessarar flokkunnar er tilraun höfundar til þess að hólfa niður orðanotkunina og skoða hvort munur sé á flokkunum og kynjunum. Vert er að taka fram að þau orð sem koma jafn oft fram í heildartexta bókanna voru færð í töfluna í sömu röð og þau birtust í bókunum.

Ef við byrjum á því að skoða jákvæð orð yfir kvenkynið þá sjáum við að flest jákvæðu orðin sem notuð eru til þess að lýsa kvenkyns sögupersónum eru útlitstengd orð, eða þrjú mismunandi orð. Orðið sem mest er notað í þeim flokki er orðið *falleg* og kemur fram þrisvar sinnum í heildartexta bókanna. Þar á eftir kemur orðið *fín* sem einnig er hægt að nota til að lýsa jákvæðum eiginleikum sögupersóna, en í þau tvö skipti sem það orð kemur fram í heildartexta bókanna er notkun orðsins í samhengi við útlitseinkenni. Sömu sögu má segja um þriðja orðið sem er *hrein* og kemur alls einu sinni fram í heildartexta bókanna.

Í næsta dálki eru orð sem notuð eru til þess að lýsa karlkyns sögupersónum á jákvæðan hátt. Flest orðin sem notuð eru á jákvæðan hátt yfir karlkynið lýsa eiginleikum sögupersónunnar, eða þrjú mismunandi orð. Orðið *góður* er mest notað í þeim flokki, eða alls þrisvar sinnum. Þar á eftir er hið algenga íslenska orð *duglegur* sem kemur alls tvisvar sinnum fram í heildartexta bókanna. Þriðja orðið, *hughreystandi*, kemur einnig tvisvar sinnum fram. Næst skulum við snúa okkur að þeim orðum sem notuð eru til að lýsa sögupersónum á neikvæðan hátt. Hjá kvenkyns sögupersónunum eru tilfinningatengd orð þar mest áberandi með orðið *bálreið* í fyrsta sæti sem kemur alls þrisvar sinnum fram í heildartexta bókanna. Þar á eftir koma fram þessar lýsingar; *fjúkandi reið* og *svekt* sem í báðum tilvikum koma einu sinni fram í heildartexta bókanna.

Hjá karlkyns sögupersónum eru tilfinningatengd orð einnig mest áberandi með algengustu tilfinningatengdu lýsinguna *pirraður* sem kemur fram alls

þrisvar sinnum í heildartexta bókanna. Þar á eftir eru orðin *leiður* og *áhyggjufullur* sem bæði koma tvisvar sinnum fram í heildartexta bókanna.

Þegar orðanotkun yfir nafngreindar sögupersónur er skoðuð eftir bókaflokkum má sjá að flest jákvæð orð til að lýsa vitsmunum eru í bókaflokki tvö og notuð yfir karlkyns sögupersónur, eða alls fjögur orð. Jákvæð lýsing á vitsmunum kvenna er hvergi sjáanleg í textum bókanna, einungis neikvæðar. Neikvæðar lýsingar á vitsmunum kynjanna koma oftast fyrir í bókaflokki eitt þar sem tvö orð eru notuð yfir karlkynið og eitt orð yfir kvenkynið. Flest jákvæð orð til að lýsa eiginleikum nafngreindra sögupersóna eru einnig í bókaflokki tvö og í garð karlkynsins með alls níu orð. Flest jákvæð orð til að lýsa eiginleikum kvenkyns sögupersóna eru að finna í bókaflokki eitt með alls tvö orð. Neikvæðar lýsingar á eiginleikum kynjanna koma oftast fyrir í flokki tvö, með 10 orð í garð karlkynsins og fjögur orð í garð kvenkynsins.

Flest jákvæð orð til að lýsa útlitseinkennum nafngreindra sögupersóna eru einnig að finna í bókaflokki tvö og í garð kvenkynsins með alls sex orð. Flest jákvæð orð til að lýsa útlitseiginleikum karlkynsins er einnig að finna í bókaflokki tvö með alls fimm orð. Neikvæðar lýsingar á útliti kynjanna koma oftast fyrir í flokki tvö með 12 orð yfir karlkynið og átta orð yfir kvenkynið í flokki fjögur. Flest jákvæð orð til að lýsa andlegu- og tilfinningalegu ástandi nafngreindra sögupersóna er að finna í bókaflokki tvö og í garð karlkynsins eða alls átta orð. Flest jákvæð orð til að lýsa andlegu- og tilfinningalegu ástandi kvenkynsins er að finna í bókaflokki fimm með alls þrjú orð. Neikvæðar lýsingar á andlegu- og tilfinningalegu ástandi kynjanna koma oftast fyrir í flokki tvö með átta orð yfir kvenkynið og í bókaflokki tvö og fimm eru jafnmörg orð notuð yfir karlkynið, eða sjö orð.

Tafla 7.11 Algengustu lýsingarnar yfir nafngreindar sögupersónur í heildarfjölda barnabókanna

#	Jákvæð Konur	Jákvæð Karlar	Neikvæð Konur	Neikvæð Karlar
1	Falleg	Glaður	Bálreið	Pirraður
2	Fín	Góður	Ófrið	Óþekkur
3	Hreykin	Duglegur	Fjúkandi reið	Leiðinlegur
4	Fullkomin	Hughreystandi	Ekki best	Ljótur
5	Hrein	Fallegur	Illileg	Leiður
6	Eldhress	Sigri hrósandi	Svekt	Áhyggjufullur

7.8 Lýsingarorð yfir mæður og feður

Alls eru sjö orð notuð til að lýsa mæðrum og 12 orð notuð til að lýsa feðrum á jákvæðan og neikvæðan hátt. Eina orðið sem kemur oftast en einu sinni fram er orðið *stolt*. Öll hin orðin koma aðeins einu sinni fram í heildartexta en eins og fyrr segir þá verður greint frá þeim í sömu röð og þau koma fram í bókunum. Ef við byrjum á því að skoða jákvæð orð yfir mæður þá eru þau flest tilfinningatengd orð. Orðið sem mest er notað í þeim flokki er orðið *stolt* sem kemur tvisvar sinnum fram í heildartexta bókanna. Þar á eftir er orðið *glöð* en það kemur einu sinni fram í heildartexta bókanna. Öll þau fjögur orð sem notuð eru til að lýsa feðrum á jákvæðan hátt eru orð sem tengja má við eiginleika þeirra, þau eru: *fyndinn*, *skemmtilegur*, *góður* og *kostulegur*. Öll orðin koma aðeins einu sinni fram í heildartexta bókanna.

Næst skulum við snúa okkur að þeim orðum sem notuð eru til að lýsa foreldrum á neikvæðan hátt. Líkt og hjá nafngreindum kvenkyns sögupersónum þá eru tilfinningatengd orð mest áberandi hjá mæðrum í

heildartexta bókanna. Lýsingar á neikvæðu tilfinningalífi mæðra eru: *mædd*, *þreytt á taugum* og *veslings mamma*. Síðustu lýsinguna mætti í vissum skilningi flokka sem eiginleika en miðað við samhengi bókarinnar þá flokkast lýsingin í þessu tilfelli undir tilfinningalegt ástand móðurinnar. Hjá feðrum eru orð sem lýsa andlegu- og tilfinningalegu ástandi einnig mest áberandi og þar kemur orðið *pirraður* fyrst fram, og í framhaldi af því *mæddur* og *lúinn*.

Þegar lýsingar á foreldrum eru skoðaðar eftir bókaflokkum má sjá að engin orð eru notuð til að lýsa vitsmunum foreldrana, hvorki á jákvæðan né neikvæðan hátt.

Jákvæð orð til að lýsa eiginleikum foreldra eru einungis að finna í bókaflokkum eitt og þrjú og eru þau bæði í garð feðra með tvö orð í hverjum flokki. Aðeins eitt orð er að finna yfir jákvæða eiginleika mæðra og er það í bókaflokki eitt. Neikvæðar lýsingar á eiginleikum foreldra koma einungis fyrir í bókaflokki eitt og tvö, með eitt orð í garð feðra og eitt orð í garð mæðra í bókaflokki eitt, og eitt orð í garð feðra í bókaflokki tvö. Aðeins eitt orð er notað til að lýsa útliti foreldra og er það neikvæð lýsing á útliti föður í bókaflokki tvö.

Flest jákvæð orð sem lýsa andlegu- og tilfinningalegu ástandi foreldra eru að finna í bókaflokki þrjú og fimm í garð karlkynsins með tvö orð í báðum bókaflokkum. Engin orð eru notuð til að lýsa andlegu- og tilfinningalegu ástandi mæðra á jákvæðan hátt. Neikvæðar lýsingar á andlegu- og tilfinningalegu ástandi foreldra koma jafn oft fyrir í flokki eitt, með tvö orð í garð beggja foreldra. Einnig eru tvö neikvæð orð notuð til að lýsa andlegu- og tilfinningalegu ástandi mæðra í bókaflokki fjögur. Í bókaflokki tvö og fimm eru jafnmörg orð notuð yfir karlkynið, eða sjö orð.

Tafla 7.12 Algengustu lýsingarnar yfir mæður og feður í barnabókunum

#	Jákvæð Mæður	Jákvæð Feður	Neikvæð Mæður	Neikvæð Feður
1	Stolt	Fyndinn	Mædd	Veslings pabbi
2	Elsku mamma	Skemmtilegur	Þreytt á taugum	Pirraður
3	Glöð	Góður	Veslings mamma	Ljótur
4		Kostulegur		Ægilega latur
5				Mæddur
6				Lúinn

7.9 Túlkun á birtingarmynd nafngreindra sögupersóna í myndmáli

Í niðurstöðum þessarar rannsóknar hafa komið fram ýmsar tölulegar upplýsingar varðandi vægi kynjanna í tilgreindum barnabókum. Í þessum undirkafla verður greint frá niðurstöðum úr túlkun höfundar á stöðu kynjanna í myndmáli. Túlkunin byggist á því sem fram kom í kafla 2.1 varðandi birtingarmynd staðalímynnda (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 58; Bluiett, 2018, bls. 39; Þórdís Þórðardóttur, 2012, bls. 11; Sólveig Björg Pálsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2020, bls. 3).

Til þess að athuga hvort staðalímynndum kynjanna sé haldið að lesendum bókanna var tvennt skoðað; annars vegar athafnir sögupersónanna og hins vegar í hvaða birtingarformi þær koma fram í bókunum. Í athöfnum sögupersónanna var vægi kynjanna skoðað útfrá virkni þeirra í myndmálinu, það er hvort þær koma fram sem gerendur eða áhorfendur. Við skoðun á birtingarformi sögupersóna var skoðað hvort þær væru settar fram sem

staðlaðar og úreltar sögupersónur. Sem dæmi um þetta birtingarform eru Disney sögupersónur á borð við *Mjallhvít* og *Batman*. Í myndmáli heildarfjölda bókanna koma nafngreindar sögupersónur alls 206 sinnum fram sem gerendur og 375 sinnum fram sem áhorfendur. Í báðum eru kvenkyns sögupersónur í minnihluta en þar af koma kvenkyns sögupersónur fram sem gerendur í alls 71 skipti, eða 35%, og 156 sinnum sem áhorfendur, eða 42%. Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við bókaflokkana má sjá að sögupersónur í bókaflokki eitt koma fram sem gerendur alls 47 sinnum og sem áhorfendur alls 76 sinnum. Þar af eru kvenkyns sögupersónur myndbirtar 11 sinnum sem gerendur og 20 sinnum sem áhorfendur. Karlkyns sögupersónur koma alls 36 sinnum fram sem gerendur og 56 sinnum sem áhorfendur. Sem sjáanlegir gerendur í þessum flokki er kvenkynið í minnihluta, eða í 23,4% tilvika. Sem sjáanlegir áhorfendur í þessum flokki er kvenkynið einnig í minnihluta, eða í 26,3% tilvika.

Í bókaflokki tvö koma sögupersónur alls 20 sinnum fram sem gerendur og 49 sinnum fram sem áhorfendur. Þar af koma kvenkyns sögupersónur átta sinnum fram sem gerendur og 17 sinnum sem áhorfendur. Karlkyns sögupersónur koma 12 sinnum fram sem gerendur og 32 sinnum sem áhorfendur. Sem sjáanlegir gerendur í þessum flokki er kvenkynið í minnihluta, eða í 40% tilvika. Sem sjáanlegir áhorfendur í þessum flokki er kvenkynið einnig í minnihluta, eða í 34,7% tilvika.

Í bókaflokki þrjú koma sögupersónur alls 35 sinnum fram sem gerendur og 42 sinnum fram sem áhorfendur. Þar af koma kvenkyns sögupersónur 13 sinnum fram sem gerendur og 23 sinnum sem áhorfendur. Karlkyns sögupersónur koma alls 22 sinnum fram sem gerendur og 19 sinnum sem áhorfendur. Sem sjáanlegir gerendur í þessum flokki er kvenkynið í minnihluta, eða í 37,1% tilvika. Sem sjáanlegir áhorfendur í þessum flokki er karlkynið í minnihluta, eða í 45,2% tilvika.

Í bókaflokki fjögur koma sögupersónur alls 31 sinni fram sem gerendur og 38 sinnum fram sem áhorfendur. Þar af eru kvenkyns sögupersónur myndbirtar 17 sinnum sem gerendur og 16 sinnum sem áhorfendur. Karlkyns sögupersónur koma 14 sinnum fram sem gerendur og 22 sinnum sem áhorfendur. Sem sjáanlegir gerendur í þessum flokki er karlkynið í minnihluta, eða í 45,2% tilvika. Sem sjáanlegir áhorfendur í þessum flokki er kvenkynið í minnihluta, eða í 42,1% tilvika.

Í fimmta og síðasta bókaflokknum koma sögupersónur alls 73 sinnum fram sem gerendur og 170 sinnum sem áhorfendur. Þar af eru kvenkyns sögupersónur myndbirtar 22 sinnum sem gerendur og 80 sinnum sem áhorfendur. Karlkyns sögupersónur koma 51 sinni fram sem gerendur og 90 sinnum sem áhorfendur. Sem sjáanlegir gerendur í þessum flokki er kvenkynið í minnihluta, eða í 30,1% tilvika. Sem sjáanlegir áhorfendur í þessum flokki er kvenkynið einnig í minnihluta, eða í 47,1% tilvika. Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman má sjá að jafnvægi kynjanna mælist minnst í bókaflokki eitt með fæstar kvenkyns sögupersónur bæði sem gerendur og sem áhorfendur.

7.10 Túlkun á birtingarmynd mæðra og feðra í myndmáli

Hér verður greint frá túlkun höfundar á stöðu foreldra í myndmáli. Þar sem birting foreldra í barnabókum er oftast en ekki háð einhverskonar tengslum við börn þá var öðrum aðferðum beitt við túlkun á birtingu foreldra í myndmáli. Ef marka má niðurstöður Quinn (2006, bls. 12-13) sem fram komu í kafla 4.2 þá er margt sem bendir til þess að þátttaka feðra í samskiptum við börnin sem og í uppeldinu sé oftast minni heldur en meiri. Á þeim forsendum var birtingarmynd foreldra í myndmáli túlkuð annars vegar útfrá þátttöku þeirra í uppeldinu og hins vegar í félagslegum samskiptum við börnin. Þættirnir sem skoðaðir voru varðandi þátttöku foreldra í uppeldinu var hlutur þeirra í umönnun, það er gefa barninu að borða, hugga það og svo framvegis. Þeir þættir sem skoðaðir voru varðandi hlut foreldra í félagslegum samskiptum var í raun allt það sem flokkast ekki undir helstu umönnunar skyldur foreldrana, það er að njóta afþreyingar með barninu, í leik, lesa bók og þess háttar.

Í myndmáli heildarfjölda bókanna koma foreldrar alls 14 sinnum fram sem umönnunaraðilar og 12 sinnum fram í félagslegum samskiptum við börnin. Í báðum tilvikum eru mæður í minnihluta en þar af koma mæður fram sem umönnunaraðilar í alls sex skipti, eða um 43%, og þrisvar sinnum í félagslegum samskiptum við börnin, eða 25%. Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við bókaflokkana má sjá að foreldrar í bókaflokki eitt koma alls sex sinnum fram í umönnunarhlutverkum og einu sinni fram í félagslegum samskiptum við börnin. Í umönnunarhlutverkum koma mæður fram í eitt skipti og feður fimm sinnum. Feður koma í aðeins eitt skipti fram í félagslegum

samskiptum við börnin í þessum bókaflökki. Í bókaflökki tvö eru engir foreldrar sjáanlegir í umönnunarhlutverki og feður koma í aðeins eitt skipti fram í félagslegum samskiptum. Í bókaflökki þrjú koma foreldrar alls sex sinnum fram í umönnunarhlutverkum og þrisvar sinnum fram í félagslegum samskiptum við börnin. Í umönnunarhlutverkum koma mæður fram þrisvar sinnum og feður þrisvar sinnum. Feður koma þrisvar sinnum fram í félagslegum samskiptum við börnin í þessum bókaflökki. Í bókaflökki fjögur koma foreldrar alls tvisvar sinnum fram í umönnunarhlutverkum og fjórum sinnum fram í félagslegum samskiptum við börnin. Í umönnunarhlutverkum koma mæður tvisvar sinnum fram en engir feður eru sjáanlegir. Feður koma í eitt skipti fram í félagslegum samskiptum og mæður þrisvar sinnum. Í bókaflökki fimm eru engir foreldrar sjáanlegir í umönnunarhlutverkum, en í félagslegum samskiptum við barnið koma feður alls tvisvar sinnum fram og mæður í eitt skipti.

8. Umræður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Í upphafi innihaldsgreiningarinnar var tíðni nafngreininga í heildartexta bókanna skoðuð og flokkuð eftir kynjum. Þar kom töluverður kynjamunur í ljós þar sem karlkyns sögupersónur eru nefndar 1060 sinnum á nafn en kvenkyns sögupersónur einungis 569 sinnum. Í greiningu á heildartexta bókanna var einnig skoðað hvort merki væru um staðalímyndir kynjanna. Þá var orðanotkun yfir kynin skoðuð á þeim forsendum að útlits- og tilfinningatengd orð væru oftast notuð yfir kvenkynið, en vitsmuna- og eiginleikatengd orð oftast notuð yfir karlkynið. Í þeirri greiningu má sjá sterkar vísbendingar um staðalímyndir kynjanna þar sem langflestar eiginleika- og vitsmunatengdar lýsingar eru notaðar yfir karlkynið eða alls 61 lýsing á móti 13 lýsingum í garð kvenkynsins. Enn fremur má sjá að vitsmunum kvenkyns sögupersóna er hvergi lýst með jákvæðum hætti, heldur er þeim einungis lýst tvisvar á neikvæðan hátt. Þær lýsingar voru: *flón* og *vitlaus*. Jafnframt er tilfinningalegu ástandi kvenkyns sögupersóna oftast lýst með neikvæðum hætti á meðan hressleiki og afþreying eru mest áberandi í tilfinningalífi karlkynsins.

Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við áherslur leikskólakennarana er nokkuð ljóst að vitsmunir og eiginleikar karlkynsins eru mest áberandi í öllum bókaflokkum. Í öllum bókaflokkum beinast flestar jákvæðar lýsingar á kvenkyns sögupersónum að útliti þeirra og fyrir lesendum birtist líkamleg fegurð því sem eftirsóknarverðasti kosturinn í fari kvenna. Þegar jákvæðar vitsmunatengdar lýsingar eru skoðaðar stendur bókaflokkur tvö hvað mest uppúr þar sem þær beinast einungis að karlkyns sögupersónum. Þar er karlkyninu lýst með eftirfarandi hætti: *ráðabesti maður í heimi, klár, gáfaðasti og snjallasti kóngur í heimi og vitrasti konungurinn*.

Næst eru það lýsingarnar sem notaðar eru til að lýsa jákvæðum eiginleikum karlkynsins í bókaflokki tvö en þær eru eftirfarandi 11 orð: *skemmtilegasti maður í heimi, skilningsríkur, bestur, hughreystandi, bjargvættur, skemmtilegur og góður*. Aðeins var ein jákvæð lýsing á eiginleikum kvenkynsins sjáanleg, það er: *hetja*. Jákvæðu útlitstengdu orðin í flokki tvö eru fleiri í garð kvenkynsins en karlkynsins. Karlkyninu er lýst með eftirfarandi fimm lýsingum: *brosandi, brosti góðlátlega, með sælusvip, ljómaði af hamingju og ljómaði*. Útlitstengdu lýsingarnar í garð kvenkynsins, átta talsins,

eru; *ljómaði, brosti feimnislega, hrein, brosti sínu breiðasta, sólsetrið speglaðist í augum hennar, falleg, fín og fínasta tröllskessan í heiminum.*

Jákvæðar tilfinningatengdar lýsingar eru flestar í garð karlkynsins, eða alls átta lýsingar í bókaflökki tvö, á móti einni lýsingu í garð kvenkynsins. Karlkyninu er lýst með eftirfarandi hætti; *gláður, hress, stoltur, sigri hrósandi, vongóður, spennur, ljómaði af hamingju og himinlifandi.* Eina jákvæða tilfinningatengda lýsingin í garð kvenkynsins í þessum bókaflökki er: *hreykin.* Langflestar lýsingarnar í bókaflökki tvö koma úr bókinni *Sagan af bláa hnettinum* eftir Andra Snæ Magnason (2003), en hún er jafnframt umfangsmesta bókinn í þessum bókaflökki og inniheldur 92 blaðsíður á meðan hinar tvær *Ástarsaga úr fjöllumum* eftir Guðrúnu Helgadóttur og Brian Pilkington (2010) og *Engan asa, Einar Áskell* eftir Gunilla Bergström (1999) innihalda 24 og 27 blaðsíður hvor. Það er því ekki að undra að flest orðin í þessum bókaflökki komi úr þessari einu bók.

Sömu mælingar á sýnileika ónafngreindra foreldra sýndu hins vegar fram á meira jafnvægi í heildartexta barnabókanna. Öfugt við mælingu á nafngreindu sögupersónunum þá er kvenkynið, eða mæðurnar, í meirihluta með 53,2% sýnileika. Þessar niðurstöður koma töluvert á óvart miðað við niðurstöður úr mælingum á nafngreindu sögupersónunum. Meiri sýnileiki mæðra einn og sér þýðir þó ekki endilega að kynjajafnrétti sé til staðar í barnabókunum heldur gæti hann verið vísbending um staðlaðar hugmyndir um að mæður taki almennt meiri þátt í lífi barnsins (Quinn, 2006, bls. 12-13).

Helstu merki um ójafnvægi foreldrana eru að finna í lýsingum á eiginleikum og tilfinningalegu ástandi þeirra. Tilfinningum fedra eru gerð einhver skil en þar eru mæður í meirihluta með fjórar jákvæðar lýsingar og tvær neikvæðar lýsingar. Flestar jákvæðar lýsingar á tilfinningum mæðra eru að finna í bókaflökki þrjú þar sem orðið *stolt* er notað tvisvar. Í bókaflökki eitt eru þessar neikvæðu lýsingar á tilfinningum mæðra notaðar: *mædd* og *þreytt á taugum*. Rétt er að benda á að í bókaflökki tvö eru einnig notuð tvö orð til að lýsa tilfinningalegu ástandi fedra, þau orð eru; *pirraður* og *lúinn*. Heilt yfir þá er lítið um lýsingar í garð foreldra en þeir flokkar sem styðja hvað mest við staðlaðar hugmyndir um foreldrahlutverkin eru bókaflokkar eitt og þrjú. Í bókaflökki þrjú er eiginleikum fedra og tilfinningalífi mæðra veitt mest eftirtekt af öllum bókaflökku og styðja þessar niðurstöður við þau stöðluðu viðhorf að tilfinningalegt ástand kvenna skipti meira máli en eiginleikar þeirra.

Sömuleiðis sjáum við að jákvæðir eiginleikar feðra beinast hvað mest að því að vera skemmtilegur félagi, fremur en virkur þátttakandi í uppeldinu.

Ef við skoðum þessar niðurstöður út frá áherslum leikskólakennaranna þá má sjá að eiginleikum feðra er oftast lýst með jákvæðum hætti í bókaflokkum eitt og þrjú. Orðin sem þar eru notuð eru: *góður*, *kostulegur*, *fyndinn* og *skemmtilegur*. Einnig má sjá að mesta ójafnvægið er í bókaflokki tvö en í þeim bókum koma engar mæður fram í texta og feður því eina sýnilega foreldrið.

Við greiningu á birtingu foreldra í myndmáli var stuðst við það sem fram kom í niðurstöðum Quinn (2006, bls. 12-13) að feður birtist oftast en ekki sem félagslegar verur í lífi barna fremur en þátttakendur í uppeldinu sjálfu þar sem öllum grunnþörfum barnsins er mætt. Þá er móðirinn oftast sýnd sem helsti umönnunaraðilinn og faðirinn meira eins og aðstoðarmaður hennar. Mesta ójafnvægi í sýnileika foreldra út frá umönnunarhlutverkum annars vegar og félagshlutverki hins vegar mældist í bókaflokki tvö þar sem engar mæður eru sjáanlegar í hvorugum hlutverkum. Þær sjást heldur ekki sem félagsverur á meðan feður sjást sem félagsverur í eitt skipti. Ef við horfum á foreldrana út frá staðalímyndum þá má sjá að mesti munurinn er á hlutverkunum í bókaflokki þrjú. Móðirinn er þar sýnd sem umönnunaraðili í þrjú skipti, en í öll skiptin er hún að færa dóttur sinni mat að borða. Faðirinn kemur þrisvar sinnum fram sem félagsvera, en í tvö skipti situr hann við borð með dóttur sinni og leysir vind og það vekur mikla kátínu hjá dótturinni. Hér sjáum við gott dæmi um einskona skemmtanagildi föðurhlutverksins. Í hitt skiptið er faðirinn að skoða með henni fiska í fiskabúð.

Þessar niðurstöður sýna okkur tvennt; í fyrsta lagi er ójafn sýnileiki foreldra sem gerendur og áhorfendur mestur í bókaflokki tvö. Eins og fram hefur komið þá er bókaflokkur tvö einn af þeim bókaflokkum þar sem jafnrétti er meðal áhersluþátta og því stangast þessi niðurstaða enn og aftur á við tilgátu höfundar um tengingu kynjajafnréttis við áherslu á grunnþáttinn jafnrétti. Í öðru lagi sýna þær fram á að mestu vísbendingarnar um staðalímyndir foreldra eru að finna í bókaflokki þrjú, en í þeim bókaflokki er grunnþátturinn jafnrétti ekki á meðal áhersluþátta.

Þegar við lítum á hvern niðurstöðukafla fyrir sig má sjá að mesta jafnvægið milli kynja mældist í bókaflokki þrjú þar sem megináhersla leikskólakennara var á lýðræði og mannréttindi með hliðsjón af sjálfbærni og læsi. Sýnileiki karlkyns reyndist þar vera í meirihluta eða alls 50,6%. Hér sjáum við að vægi kynjanna er jafnara í flokki þar sem jafnrétti er ekki meðal áhersluatriða sem

stangast á við tilgátu höfundar um að vægi kynjanna sé ójafnara í þeim bókum sem ekki er ætlað að styðja við grunnþáttinn jafnrétti.

Við greiningu á vægi nafngreindra sögupersóna í myndmáli tilgreindra barnabóka var tvennt haft til hliðsjónar; annars vegar hlutfall kynjanna í myndmáli óháð því hvort um er að ræða gerendur eða áhorfendur, og í öðru lagi birtingarmynd kynjanna sem staðalímyndir eður ei. Í hinum fullkomna heimi þá væru bæði kynin að sjálfsögðu jafnmörg sem gerendur og áhorfendur en útfra hefðbundnum staðalímyndum og því sem almennt tíðkast í barnabókum þá var greiningin framkvæmd á þeim forsendum að kvenkynið þyrfti að vera í minnihluta sem gerandi en í meirihluta sem áhorfandi til þess að flokkast undir staðalímyndir í bókunum.

Í heildarfjölda bókanna koma 68 karlkyns sögupersónur fram á myndum á móti 52 kvenkyns sögupersónum. Karlkyns sögupersónur eru jafnframt í 58% meirihluta þegar kemur að tíðni myndbirtinga og blaðsíðufjölda. Þegar myndbirting ónafngreindra sögupersóna er borin saman við áherslur leikskólakennarana þá er mesta ójafnvægi kynjanna að finna í bókaflokki eitt þar sem kvenkynið er í minnihluta bæði sem gerandi og áhorfandi. Þegar kemur að ójafnri skiptingu gerenda og áhorfenda þá má sjá að bókaflokkur þrjú stendur þar uppúr með 37% kvenna sem gerendur og 54,8% sem áhorfendur.

Sömu mælingar á ónafngreindum foreldrum í myndmáli bókanna sýna fram á meira jafnvægi hvað varðar heildar sýnileika þar sem þær innihalda 16 feður á móti 13 mæðrum. Sýnileiki feðranna á myndum, það er tíðni myndbirtinga og blaðsíðufjölda er þó í 47,4% minnihluta. Líkt og í niðurstöðum úr heildartextabókanna hér að ofan þá er kvenkynið, eða mæðurnar, hér einnig í meirihluta með 52,6% sýnileika.

Þegar sýnileiki nafngreindra sögupersóna er borinn saman við áherslur leikskólakennarana má sjá að mesta ójafnvægið er að finna bókaflokki eitt þar sem megináhersla þátttakenda er á læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og sköpun. Líkt og áður þá er karlkynið hér í meirihluta með 69,4% sýnileika. Jafnvægi kynjanna mældist mest í bókaflokki fimm þar sem megináhersla er lögð á læsi með hliðsjón af heilbrigði og velferð, og lýðræði og mannréttindi. Þar er kvenkynið í meirihluta með alls 51,1% sýnileika.

Í greiningu bókanna var einnig kannað hversu margar sögupersónur koma oftast en aðrar fram í bókunum. Í heildar fjölda bókanna eru flest burðarhlutverkin karlkyns sögupersónur eða 74,5% af öllum nafngreindum sögupersónum. Þegar við skoðum burðarhlutverk nafngreindra sögupersóna

eftir áherslum leikskólakennaranna má jafnframt sjá að kvenkyns sögupersónur eru í minnihluta í öllum fimm flokkum. Mesta ójafnvægið er að finna í bókaflokki eitt þar sem nafngreindu sögupersónurnar eru allar karlkyns. Þessar tölur haldast í hendur við fyrri mælingar þar sem sýnileiki kvenkynsins í bókaflokki eitt var minnstur í mælingum á fjölda, tíðni og blaðsíðum. Í flokki fjögur má sjá mesta jafnvægið en þar er 60% burðarhlutverkanna karlkyns. Vert er að benda á að í bókaflokki fjögur er kvenkynið í meirihluta í mælingum á fjölda, tíðni og blaðsíðufjölda en samt nær það ekki meirihluta hvað varðar burðarhlutverk. Úr þessum tölum má lesa að karlkynið er oftast nefnt á nafn í bókaflokki fjögur, þó svo að þeir séu færri og koma sjaldnar fram á blaðsíðum.

Ef við skoðum ónafngreinda foreldra í þessu samhengi má sjá mesta ójafnvægið í bókaflokki tvö með tvo feður og engar mæður í burðarhlutverki. Að bókaflokki fimm undanskildum, þar sem ekkert foreldri mælist í burðarhlutverki, þá mælist mesta jafnvægið í bókaflokki eitt með 66,6% feðra í burðarhlutverki. Þessar niðurstöður benda til þess að áhersla á grunnþáttinn læsi samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) í notkun barnabóka í leikskólastarfi skyggi á jafnrétti kynjanna í þeim bókum sem þátttakendur tilgreindu.

Við greiningu á sýnileika nafngreindra sögupersóna í heildartexta bókanna útfrá mælingum á fjölda, tíðni og blaðsíðufjölda er sýnileiki karlkynsins í 63,4% meirihluta sem gaf strax til kynna ójafnvægi í sýnileika kynjanna. Þegar þessum niðurstöðum var raðað eftir áherslum leikskólakennaranna má sjá að mesta ójafnvægið mælist í bókaflokki tvö þar sem megináherslan er á grunnþáttinn læsi með hliðsjón af grunnþáttunum lýðræði og mannréttindi, og jafnrétti. Þar er karlkynið í meirihluta með 70,7% meðal sýnileika. Mesta jafnvægið mældist í bókaflokki þrjú með megináherslu á lýðræði og mannréttindi með hliðsjón af sjálfbærni og læsi. Sýnileiki karlkyns reyndist þar vera í meirihluta eða alls 50,6%. Hér sjáum við að vægi kynjanna er jafnara í flokki þar sem jafnrétti er ekki meðal áhersluatriða, og stangast þar með á við tilgátu höfundar um að vægi kynjanna sé mun ójafnara í þeim bókum sem ekki er ætlað að styðja við grunnþáttinn jafnrétti.

Hvað sýnileika foreldra varðar þá mældist mesta ójafnvægið í bókaflokki tvö en í þeim bókum koma engar mæður fram í texta og feður því eina sýnilega foreldrið. Mesta jafnvægi í sýnileika foreldra mældist í bókaflokki fimm þar sem meðal sýnileiki mæðra er 53,8%. Mesta jafnvægið í myndbirtingu foreldra

mældist í bókaflakki fimm en þar eru mæður í meirihluta með alls 56% sýnileika.

Ef við drögum saman þessar niðurstöður þá mældist mesta ójafnvægið í bókaflakki tvö eða alls þrisvar sinnum. Í öll þrjú skiptin mældust bæði nafngreindar karlkyns sögupersónur og feður í meirihluta. Bókaflakkur fimm stendur uppúr hvað varðar jafnvægi í sýnileika kynjanna. Þar mældust bæði nafngreindar kvenkyns sögupersónur og mæður í meirihluta í alls þrjú skipti. Það sem er hvað áhugaverðast við þessar niðurstöður er að ójafnvægið mældist mest í bókaflakki þar sem jafnrétti er einn af áhersluþáttunum og miðað við það þá er enga tenginu að finna á milli kynjajafnréttis í bókunum og áherslu á grunnþáttinn jafnrétti. Enn fremur kemur á óvart að mesta jafnvægið mældist í bókaflakki þar sem jafnrétti er ekki á meðal áhersluþátta.

Þegar við skoðum niðurstöðurnar í heild sinni þá sést bersýnilega að það hallar verulega á hlut kvenkynsins í mælingum á sýnileika. Samkvæmt hinum þremur mælistikum sem notaðar voru í greiningunni þá eru konur færri, sjaldnar nafngreindar og koma sjaldnar fram bæði í texta og mynd. Jafnframt eru þær í minnihluta í öllum fimm bókaflakku þegar kemur að burðarhlutverkum og oftast lýst útfrá útlits- og tilfinningatengdum þáttum fremur en vitsmuna- og eiginleikatengdum. Þá eru þær einnig mest áberandi sem áhorfendur fremur en gerendur í heildarfjölda bókanna sem gefur enn fremur vísbendingar um ójafna skiptingu kynjanna. Meira jafnvægi er á hlutdeild mæðra og feðra í barnabókunum en þar eru mæður í meirihluta í heildarfjölda bókanna. Fleiri mæður eru þó túlkaðar sem umönnunaraðilar en feður og bendir þar af leiðandi til þess að gömul úrelt gildi um foreldrahlutverkin hafi haft áhrif á meiri sýnileika mæðra.

Þessar niðurstöður sýna fram á að þó svo að jafnrétti sé meðal þeirra grunnþátta sem að þátttakendur leggja áherslu á er ekki hægt að tengja það við meira kynjajafnrétti í bókunum. Það sem kemur einnig á óvart er hversu oft ójafnvægi kynjanna mælist í bókaflakki tvö, bókaflakki þar sem jafnrétti er meðal áhersluþátta. Það gefur ákveðnar vísbendingar um áhrif duldrar námskrár en eins og fram kom í kafla 5.1 (Ingveldur Hrönn Björnsdóttir, 2005, bls. 50) þá er alltaf sá möguleiki til staðar að leikskólakennarar leggi áherslu á einn grunnþátt á kostnað annars. Þeir velja að sjálfsgöðu bækurnar í þeirri trú að þær muni vekja hrifningu og áhuga barnanna sem er nauðsynlegt í allri kennslu, en ætla má að þegar lögð er áhersla á mikilvæga námsþætti eins og læsi, þá geta aðrir mikilvægir námsþættir, eins og jafnrétti, gleymst. Hér er

auðvitað átt við að slíkt gerist ómeðvitað hjá leikskólakennurum, enda er ástæða fyrir því að hún er kölluð dulin námskrá.

Í þessu samhengi er rétt að skoða tvær af þeim þremur bókum sem finna má í bókaflakki tvö en þær eru *Ástarsaga úr fjöllum* eftir Guðrúnu Helgadóttur og Brian Pilkington (2010) sem styður ýmsa málörvunarþætti og er orðaforði þar mest áberandi. Sviðsmynd þeirrar bókar er Ísland í fremur gömlum og hefðbundnum búningi og þar eru mörg gömul orð og orðatiltæki að finna en það má velta því fyrir sér hvort þessi hefðbundni íslenski stíll beri með sér úrelt viðhorf til kynjanna.

Engan asa, Einar Áskell eftir Gunillu Bergström (1999) er einnig í bókaflakki tvö en eins og þekkt er þá snúast þær bækur um líf Einars og einstæðan föður hans. Að hafa einstæðan föður í barnabókum er ekki algengt og í vissum skilningi getur einstæður faðir, sem er með heimilið og uppeldið allt á herðum sér stutt við jafnrétti kynjanna. Í því felst þó að engin móðir er sjáanleg og þar af leiðandi ekkert kvenkyn sjáanlegt í þessari tilteknu bók að minnsta kosti, og það hafði óneitanlega áhrif á niðurstöðurnar í bókaflakki tvö.

Sagan af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason (2003) er þriðja bókin í flokknum og jafnframt sú sem inniheldur flestar blaðsíður. Bókin er afar vinsæl og nær vel til lesenda en sagan er sögð frá sjónarhóli barna og því ættu börn hvað mest að geta samsamað sig í þeirri bók. Lengd bókarinnar hefur það einnig í för með sér að vera marktækust af öllum þremur bókunum þar sem að tíðni og orðanotkun yfir sögupersónurnar skiptir hundruðum. Boðskapur bókarinnar felst meðal annars í því að engin á meiri rétt en annar á auðlindum jarðarinnar og styður þannig við ýmsa jafnréttisþætti, en eins og niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þá virðist jafnrétti kynjanna ekki vera einn af þeim þáttum.

Ofangreindar niðurstöður benda til þess að áhersla á grunnþáttinn læsi samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) í notkun barnabóka í leikskólasterfi skyggi á jafnrétti kynjanna í þeim bókum sem þátttakendur tilgreindu. Erfitt er að segja til um hvort það tengist áherslum þátttakenda á grunnþættina eða bókakosti leikskólanna og kallar það á frekari rannsóknir. Einnig má túlka það sem einskonar áminningu um áhrifaþætti duldrar námskrár og sem góða áminningu um að skoða þær barnabækur sem notaðar eru í leikskólasterfinu af víðsýni og með gagnrýnum augum.

Eins og aðrar rannsóknir þá er þessi rannsókn ekki fullkomin og felur í sér ýmsar takmarkanir. Það fyrsta sem ber að nefna í því samhengi er hversu lítið úrtakið var miðað við þýðið sem það á að endurspeгла. Það er því erfitt að yfirfæra niðurstöður þessarar rannsóknar yfir á leikskólastarfið sem heild sem veikir gildi rannsóknarinnar og niðurstöður hennar. Þegar framkvæmd rannsóknarinnar er skoðuð þá er rétt að benda á hvernig höfundur kaus að haga áhersluþáttum þátttakenda. Þátttakendur voru beðnir um að tilgreina þrjár bækur og þrjá grunnþætti sem þeir leggja áherslu á. Hugsunin á bak við þá ákvörðun var að höfða til hins raunverulega leikskólastarfs þar sem grunnþáttunum er oftast fléttað saman og þátttakendum þannig gefið ákveðið svigrúm. Að mati höfundar er afleiðingin hins vegar sú að erfitt er að segja til um hvernig tilgreindar barnabækur tengist grunnþáttunum, og í ljósi niðurstaðna þá flokkast þessi aðferð sem ákveðinn galli á rannsókninni.

9. Lokaorð

Markmið jafnréttismenntunnar samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) er að nemendur fái tækifæri til að rækta hæfileika sína í samfélagi sem einkennist af víðsýni, umburðarlyndi og skilningi (bls. 19-20). Jafnrétti er því mikilvægur þáttur fyrir kennara að hafa í huga í leikskólastarfinu og kennsluefni þeirra á að lúta að þessum markmiðum. Í þessari ritgerð voru eftirfarandi rannsóknarspurningar hafðar að leiðarljósi:

Er munur á vægi kynjanna í barnabókunum?

Er munur á vægi kynjanna í þeim barnabókum sem notaðar eru til að styðja við mismunandi grunnþætti?

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á töluverðan mun á vægi kynjanna þar sem kvenkynið er nánast undantekningalaust í minnihluta í öllum mælingum. Þer þar helst að nefna tíðni nafngreininga kynjanna í heildartexta bókanna en þar eru karlkyns sögupersónur nefndar alls 1060 sinnum á nafn en kvenkyns sögupersónur eru einungis nefndar 569 sinnum á nafn. Lýsingarnar sem notaðar eru yfir kynin benda jafnframt til þess að ákveðnum staðalímyndum kynjanna sé viðhaldið í bókunum. Sem dæmi þá er karlkyns sögupersónum oftast lýst útfrá vitsmunum og eiginleikum þeirra á meðan flestar jákvæðar útlitstengdar lýsingar og neikvæðar tilfinningatengdar lýsingar beinast að kvenkyns sögupersónum. Flestar jákvæðar lýsingar á karlkyns sögupersónum beinast að eiginleikum þeirra en í því samhengi er þeim oftast lýst sem góðum og duglegum einstaklingum. Engar jákvæðar lýsingar eru að finna yfir vitsmuni kvenkyns sögupersóna í bókunum, einungis neikvæðar lýsingar á borð við flón og vitlaus. Lýsingarnar sem notaðar eru yfir mæður og feður í bókunum eru ekki ósvipaðar en mestan mun má sjá á lýsingum á eiginleikum og tilfinningalegu ástandi þeirra. Í lýsingum á foreldrunum er mest áhersla lögð á persónueiginleika feðra en tilfinningalegt ástand mæðra.

Enn fremur eru engin mælanleg tengsl kynjajafnréttis við þær barnabækur sem notaðar eru til að styðja við grunnþáttinn jafnrétti. Margt getur skýrt þessa niðurstöðu og eru áhrif duldrar námskrár þar á meðal. Jafnframt nær grunnþátturinn jafnrétti til fleiri þátta en bara kynjajafnréttis og því er mögulegt að kynjajafnrétti hafi ekki verið efst á baugi í áherslum þátttakenda. Jafnvægi í sýnileika kynjanna mældist hvað minnst í bókaflokkum eitt og tvö en þessir tveir bókaflokkar áttu það sameiginlegt að vera með grunnþáttinn læsi sem

megin áhersluatriði í kennslunni. Þannig mætti draga þá ályktun að læsistengdar áherslur í notkun barnabókanna hafi skyggt á aðra jafnréttistengda þætti og kallar það á frekari rannsóknir.

Að lokum þá eru niðurstöður rannsóknarinnar enn ein áminning til allra sem vinna með börnum um að vera gagnrýnir á þau kennslugögn sem þeim standa til boða. Þó svo að bókakostur leikskóla sé mikilvægur þá eru það viðhorf okkar og hugmyndir um kynin sem skipta höfuðmáli. Góð og gagnrýnin í grundun á barnabókum getur þannig skilað sér í góðri jafnréttiskennslu.

Heimildir

- Alexandra Gunnlaugsdóttir, Fjóla Ósk Aðalsteinsdóttir og Ragnheiður Jónsdóttir. (2019). *Mía, Moli og Maríus: vandræðasögur*. Reykjavík: Höfundar.
- Andri Snær Magnason og Áslaug Jónsdóttir. (2003). *Sagan af bláa hnettinum*. Reykjavík: Mál og menning.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. 2006. Bók í hönd–Um barnabækur í leikskólastarfi. *Hrafnaving*, 3. 19-31. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Arlandis, S., og Reyes-Torres, A. (2018). Thresholds of Change in Children's Literature: The Symbol of the Mirror. *Journal of New Approaches in Educational Research*, 7(2), 125-130.
- Áslaug Jónsdóttir. (2007). *Ég vil fisk*. Reykjavík: Mál og menning.
- Azano, A. P., Tackett, M., og Sigmon, M. (2017). Understanding the puzzle behind the pictures: A content analysis of children's picture books about autism. *AERA Open*, 3(2), doi: 2332858417701682.
- Bartan, M. (2018). Determination of Preschool Teacher's Preference Reasons for Children's Books Used by Them in Their Classes. *World Journal of Education*, 8(6), 187-195.
- Beauchat, K. A., Blamey, K. L., og Walpole, S. (2009). Building preschool children's language and literacy one storybook at a time. *The Reading Teacher*, 63(1), 26-39.
- Beltchenko, L. (2016). Intellectual pursuits of young children through picture book literacy, focusing on Italian preschools. *Gifted Child Today*, 39(3), 145-153.
- Bercnik, S., og Devjak, T. (2012). Planning and Implementing the Daily Routine in Slovene Kindergartens and Reggio Emilia Concept. Sótt af <https://files.eric.ed.gov/fulltext/ED538001.pdf>

- Bergljót Arnalds og Jón Hámundur Marinósson. (2011). *Íslensku húsdýrin og Tröllli*. Reykjavík: JPV.
- Bluiett, T. E. (2018). The Language of Play and Gender-Role Stereotypes. *Education, 139*(1), 38-42.
- Chaudhri, A., og Schau, N. (2016). Imaginary Indians: Representations of Native Americans in Scholastic Reading Club. *Children's Literature in Education, 47*(1), 18-35.
- Chick, K. A., og Altoona, P. S. (2006). Gender balance in K-12 American history textbooks. *Social Studies Research and Practice, 1*(3), 284-290.
- Connell, R. W. og Messerschmidt, J. W. (2005). Hegemonic masculinity: Rethinking the concept. *Gender & Society, 19*(6), 829–859.
- Degotardi, S. og Pearson, E. (2017). Infant play: How Interactions Build and Support Relationships. Í Ebbeck, M. og Waniganayake, M. (ritstjórar), *Play in Early Childhood Education. Learning in Diverse Contexts* (bls. 76-96).
- Emilson, A., Folkesson, A. M., og Lindberg, I. M. (2016). Gender beliefs and embedded gendered values in preschool. *International Journal of Early Childhood, 48*(2), 225-240.
- Eyrún Ísfold, Þóra Másdóttir og Freydís Kristjánsdóttir.(2009). *Lubbi finnur málbein*. Reykjavík: Mál og menning.
- Fatma, Ç. (2018). Gender Equality in Turkish Higher Education. *International Journal of Higher Education, (5)*, 97-113.
- Fletcher, K. L., og Sabo, J. (2006). Picture Book Reading Experience and Toddlers Behaviors with Photographs and Books. *Early Childhood Research & Practice, 8*(1), 1-9.
- Gauvain, M. (1995). Thinking in niches: Sociocultural influences on cognitive development. *Human development, 38*(1), 25-45.

- Gönen, M. S., Sahin, M. K., Ezmeci, F., og Selçuklu, A. E. (2018). A Review of Preschool Manipulative Storybooks Containing Activities. *International Journal of Progressive Education*, 14(3), 60-75.
- Gubaidullina, A. N., og Gorenintseva, V. N. (2017). Mother as donor, hero or villain: new sides of the mother's image in Sergey Sedov's „Fairy tales about mums“. *Children's Literature in Education*, 48(3), 201-213.
- Guðrún Helgadóttir og Brian Pilkington. (2010). *Ástarsaga úr fjöllumum*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Gunilla Bergström. (1999). *Engan asa, Einar Áskell*. Reykjavík: Mál og menning.
- Gunilla Bergström. (2014). *Góða nótt, Einar Áskell*. Reykjavík: Mál og menning.
- Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage. (2013). Í Harpa Pálmadóttir (ritsjóri), *Listasaga. Frá hellalist til 1900*. Kópavogur: Námsgagnastofnun.
- Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir. (2020). *Íslensk nútímamálsorðabók*. Sótt af <http://islenskordabok.arnastofnun.is/islob>
- Helga Arnalds og Björk Bjarkadóttir. (2013). *Skrímlið litla systir mín*. Reykjavík: Skrudda.
- Hendriksen, B., Jakobsen, T. og Nistrup, K. M. (1978). *Børnelitteratur Historie og analyser*. Gyldendal: Danmörk.
- Hsiao, C. Y. og Chang, Y. M. (2016). A Study of the Use of Picture Books by Preschool Educators in Outlying Islands of Taiwan. *International Education Studies*, 9(1), 1-19.
- Hsieh, H. F., og Shannon, S. E. (2005). Three approaches to qualitative content analysis. *Qualitative health research*, 15(9), 1277-1288.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.

- Ingvar Sigurgeirsson. (2013). *Litróf kennsluáðferðanna*. Reykjavík: Iðnú.
- Ingveldur Hrönn Björnsdóttir. (2005). Þögul þekking fær mál-skólanámskrágerð í leikskóla. *Uppeldi og menntun*, 14(1), 49-70.
- Jóna Valborg Árnadóttir og Elsa Nielsen. (2014). *Knúsbókin*. Reykjavík: Mál og menning.
- Joosen, V. (2015). „Look More Closely, Said Mum“: Mothers in Anthony Browne’s Picture Books. *Children’s Literature in Education*, 46(2), 145-159.
- Julia Donaldsson og Axel Scheffler. (2016). *Greppikló*. Reykjavík: Mál og menning.
- Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). Jafnrétti: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sylvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Kristín Linda Jónsdóttir. (2011). *Rannsókn á hlutdeild kynjanna í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla*. Akureyri: Jafnréttisstofa.
- Lára Garðarsdóttir og Ásta Rún Valgerðardóttir. (2017). *Fjölskyldan mín*. Reykjavík: Salka.
- Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2014). Kynjaðar væntingar til kvenna og karla í tveimur leikskólum. *Netla–Veftímarit um uppleldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/002.pdf>
- Lichtheim, M. (2019). *Ancient Egyptian Literature*. Oakland: University of California Press.
- Mantzicopoulos, P., og Patrick, H. (2011). Reading picture books and learning science: Engaging young children with informational text. *Theory Into Practice*, 50(4), 269-276.

- Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). Heilbrigði og velferð: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. (2011). *Uppeldi er ævintýri*. Reykjavík: Bókafélagið.
- Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. (2015). *Unesco 2014*. París: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Mohammad, A. og Atallah, A. (2017). Impact of Hidden Curriculum on Ethical and Aesthetic Values of Sixth Graders in Tafila Directorate of Education. *Journal of Curriculum and Teaching*, 6(1), 35-44.
- Morda, R. og Waniganayake, M. (2017). Being and Becoming Leaders through Play in Early Childhood. Í Ebbeck, M. og Waniganayake, M. (ritstjórar), *Play in Early Childhood Education. Learning in Diverse Contexts* (bls. 117-133).
- Mullins, N. M. (2015). Insidious influence of gender socialization on female's physical activity: rethink pink. *Physical Educator*, 72(1), 20-43.
- Nielsen, M., og Christie, T. (2008). Adult modelling facilitates young children's generation of novel pretend acts. *Infant and Child Development: An International Journal of Research and Practice*, 17(2), 151-162.
- Ohlander, A. S. (2010). *Kvinnor, män och jämställdhet i läromedel i historia*. Stockholm: Statens offentliga utredningar.
- Paatsch, L., Hutchison, K., og Cloonan, A. (2019). Literature in the Australian English curriculum: Victorian primary school teachers practices, challenges and preparedness to teach. *Australian Journal of Teacher Education*, 44(3), 61-76.

- Quinn, S. F. (2006). Examining the Culture of Fatherhood in American Children's Literature: Presence, Interactions, and Nurturing Behaviors of Fathers in Caldecott Award Winning Picture Books (1938-2002). *Fathering: A Journal of Theory, Research & Practice about Men as Fathers*, 4(1).
- Ragnheiður Gestsdóttir. (2009). *Söngvasafn. Ef væri ég söngvari*. Reykjavík: Mál og menning.
- Rohrman, T. (2019). The Role of Male Caretakers and Pre-School Teachers for Father Involvement in ECEC. *Global Education Review*, 6(1), 26-39.
- Russell, D. L. (2000). „Pippi Longstocking“ and the Subversive Affirmation of Comedy. *Children's Literature in Education*, 31(3), 167-77.
- Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2017). Hnignandi frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000 til 2015. Leiðir til að snúa þróuninni við. *Netla–Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/16.pdf>
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (2002). Um meintan dauða femínismans. *Ritið*, 2(2), 77–101.
- Sigrún Daníelsdóttir og Björk Bjarkadóttir. (2014). *Kroppurinn er kraftaverk*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigrún Eldjárn. (2004). *Kuggur, nýjir vinir*. Reykjavík: Mál og menning.
- Silja Aðalsteinsdóttir. (1981). *Íslenskar barnabækur 1780-1979*. Reykjavík: Mál og menning.
- Silja Aðalsteinsdóttir. (1999). Raddir barnabókanna: Um frásagnartækni í barnabókum. Í Silja Aðalsteinsdóttir (ritstjóri), *Raddir barnabókanna: Greinasafn* (bls. 79-100). Reykjavík: Mál og menning.
- Sólveig Björg Pálsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2020). „Kannski alltaf svona á bak við eyrað“: Kynjajafnréttismenntun í leikskólum.

Netla–Veftímarit um uppeldi og menntun. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2020/ryn/01.pdf>

Stefán Jökulsson. (2012). Læsi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Storey, A. E., Walsh, C. J., Quinton, R. L., og Wynne-Edwards, K. E. (2000). Hormonal correlates of paternal responsiveness in new and expectant fathers. *Evolution and Human Behavior*, 21(2), 79-95.

Tarrayo, V. N. (2014). Gendered Word (Or World): Sexism in Philippine Preschool English Language Textbooks. *Journal on English Language Teaching*, 4(2), 25-32.

West, C., og Zimmerman, D. H. (1987). Doing gender. *Gender & society*, 1(2), 125-151.

Þórdís Þórðardóttir. (2012). Að læra til telpu og drengs. Kynjaðir lærdómar í leikskóla. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/016.pdf>.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Kynningarbréf til leikskólastjórnenda um rannsóknina	83
Fylgiskjal 2 Spurningalisti sem sendur var þátttakendum	84

Fylgiskjal 1 Kynningarbréf til leikskólastjórnenda um rannsóknina

Kynningarbréf um rannsókn á vægi kynjanna í barnabókum

Komiði sæl.

Óli Steinar heiti ég og er nemi á lokaári í leikskólakennarafræðum við Háskólann á Akureyri. Ég er að setja mig í samband við ykkur ásamt níu öðrum leikskólum Akureyrarbæjar vegna rannsóknar sem er hluti af meistaraverkefninu mínu. Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar um hvernig hugmyndir og starfshættir kennara geta haft áhrif á kennslu þeirra, og þar með nám barna. Ég reikna með að ná þessum markmiðum með því að skoða og greina þær barnabækur sem leikskólakennarar/leiðbeinendur nota í starfi sínu með börnunum.

Til nánari útskýringar læt ég Power Point skjal fylgja í viðhengi en það er stutt kynning á verkefninu þar sem öll helstu atriði varðandi rannsóknina og ykkar þátttöku koma fram.

Ég tek það fram að ég óska einungis eftir þátttöku frá einum leikskólakennara/leiðbeinanda frá hverjum leikskóla. Ef einhver frá ykkur hefur áhuga á þátttöku þá þætti mér vænt um að fá sent nafn og tölvupóstfang viðkomandi, og í framhaldi af því myndi ég senda honum/henni skjal þar sem fram kemur kynning á rannsókninni ásamt tveim spurningum.

Vonandi hafa öll helstu atriði komið skýrt fram en ef eitthvað er óljóst hafið þá endilega samband við mig. Annars þakka ég bara fyrir og hlakka til að heyra frá ykkur.

Með bestu kveðju,

Óli Steinar Sólmundarson

Email: olisteinar@akmennt.is

Sími: 849-2946

Fylgiskjal 2 Spurningalisti sem sendur var þátttakendum

Spurningalisti fyrir meistaraþrófsverkefni í leikskólakennarafræðum

Sæl/sæll.

Ég vil byrja á því að þakka þér fyrir þátttökuna. Þessi rannsókn er hluti af meistaraverkefni mínu í leikskólakennarafræðum við Háskólann á Akureyri. Þessi hluti rannsóknarinnar snýst um að afla upplýsinga um það sem leikskólakennurum á Akureyri þykir skipta mestu máli í notkun barnabóka í leikskólastarfinu.

Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar um hvernig hugmyndir og starfshættir kennara geta haft áhrif á kennslu þeirra, og þar með nám barnanna. Í því samhengi vil ég biðja þig um að svara tveim spurningum um notkun barnabóka í þinni kennslu, og við hvaða grunnþætti menntunar þú tengir þær helst. Þegar öll svör hafa borist mun ég skoða hvernig jafnrétti kynjanna birtist í þeim bókum sem þátttakendur tilgreina og bera þær saman við þá grunnþætti menntunar sem þeir tilgreindu.

Spurningalista eins og þennan er hægt að rekja óbeint til þeirra einstaklinga sem taka þátt í rannsókninni og því bendi ég á það sem fram kemur í Vísindareglum Háskóla Íslands (Vísindanefnd, 2014, bls. 10) að höfundur ber að tilkynna rannsóknina til Persónuverndar.

Vert er að taka fram að tilgangur rannsóknarinnar er ekki að leggja dóm á kennsluhætti leikskólakennarana né skólans og að nöfn þeirra, sem og skólans, munu hvergi koma fram.

Spurningalistinn

Hlutverk spurningalistans er tvíþætt. Í fyrsta lagi að finna út hvaða grunnþætti menntunar leikskólakennarar leggja mestar áherslur á með notkun barnabóka í starfi sínu, og í öðru lagi hvaða bækur þeir noti helst til þess að efla þessa grunnþætti. Vinsamlegast athugið að sú bók/bækurnar sem þú greinir frá þarf að vera til taks á leikskólanum sem þú starfar á.

1. *Hvaða þrjá af hinum sex grunnþáttum menntunar leggur þú mesta áherslu á í notkun barnabóka með börnunum? Vinsamlegast raðaðu grunnþáttunum í fyrsta, annað og þriðja sæti.*

Grunnþættir menntunar skv Aðalnámskrá leikskóla (2011)

Læsi

Sjálfbærni

Lýðræði og mannréttindi

Jafnrétti

Heilbrigði og velferð

Sköpun

2. *Hvaða bók/bækur notarðu til þess að efla þessa grunnþætti? Tilgreindu vinsamlegast eina til þrjár bækur þar sem fram kemur titill, ártal og höfundur.*

Þakka þér kærlega fyrir þína þátttöku í verkefninu. Hafðu endilega samband ef einhverjar spurningar vakna varðandi rannsóknina.

Bestu kveðjur

Óli Steinar Sólmundarson

Nemi á lokaári í leikskólakennarafræðum

